

**ÁRSSKÝRSLA VR
2023 - 2024**



Umbrot/útlit: Reynir Albert Þórólfsson

Myndir: Benedikt Sigurðsson, Birgir Ísleifur Gunnarsson og Tómas Bolli Hafþórsson

Athugið að fjárhagslegar upplýsingar í ársskýrslunni sem vísa til reksturs eða sjóða félagsins miða við almanaksárið en upplýsingar um starfsemi félagsins að öðru leyti miða við starfsár stjórnar á milli aðalfunda, nema annað sé tekið fram.

Þetta er VR	4
Ávarp formanns	6
Stjórn VR starfsárið 2023 - 2024	7
Kjarasamningar	8
Aðalkjarasamningar VR	8
Nýjir kjarasamningar	10
Aðrar kröfur	10
Aðrir kjarasamningar	13
Kjaramál	15
Þjónusta kjaramálasviðs	15
Vinnustaðaeftirlit	15
Dómsmál	16
Sjúkrasjóður	18
Sjúkradagpeningar 2023 og 2024	18
Breyting á reglugerð Sjúkrasjóðs VR	18
Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR starfsárið 2023 – 2024	18
Orlofsmál	19
Um orlofshúsin	19
Afláttarmiðar og kort, samstarf við ferðaþjónustuaðila	19
Framkvæmdastjórn Orlofsjóðs VR starfsárið 2023 – 2024	19
Starfsmenntamál	20
Starfsmenntanefnd VR	20
Starfsgreinaráð	21
Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun	21
Lykiltölur úr ársreikningum Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og Starfsmenntasjóðs verslunarinnar	21
Stjórnir starfsmenntasjóða starfsárið 2023 - 2024	21
VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR	22
Hvatning og stuðningur	22
Ályktanir og yfirlýsingar, fundir, nefndir	23
Ályktun stjórnar VR á þingi ASÍ	23
Yfirlýsing stjórnar VR vegna verkfallsaðgerðir BSRB	23
Ályktun stjórnar VR vegna breytinga í leikskólamálum í Kópavogi	23
Yfirlýsing stjórnar VR vegna einkavæðingar Íslandsbanka	23
Yfirlýsing stjórnar VR vegna árása gegn almennum borgurum	23
Fundir starfsárið 2023 – 2024	23
Nefndir og stjórnir	24
Erlend samskipti	25
Starfsemi og rekstur félagsins	26
Kjör vegna framboða til trúnaðarstarfa	26
Stjórnarhættir	26
Stefnur VR	26
Starfsemi þjónustusviðs árið 2023	27
VR varasjóður	27
Félagsmál	27
Rannsóknir og kannanir	28
Útgáfu- og kynningarmál	29
Fyrirlestrar, námskeið og fræðsla	29
Skipulag skrifstofu VR	30
Kjörin stjórn og trúnaðarráð árið 2023	32
Trúnaðarmenn á vinnustöðum	32


**VR Annual Report
2023 - 2024**
English summary
on p. 33 - 36

Ársreikningur 2023	37
Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	40
Áritun óháðs endurskoðanda	41
Áritun félagskjörins skoðunarmanns	43
Rekstrarreikningur 2023	45
Efnahagsreikningur 31. desember 2023	46
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2023	47
Skýringar	48
Skýringar - sundurliðanir	54
Skýringar - yfirlit um rekstur sjóða	56
Skýringar - efnahagur sjóða VR	57

ÞJÓNUSTAN Í HNOTSKURN 2023


FJÖLDI AFGREIÐSLNA	5.155
FJÖLDI SÍMTALA	34.453
FJÖLDI TÖLVUPÓSTA TIL VR@VR.IS	14.123
FJÖLDI AFGREIÐSLNA Í GEGNUM VEFSPJALL	5.117
UMFERÐ UM VR.IS	435.000
FJÖLDI FÉLAGSFÓLKS	40.612
FJÖLDI NÝRRA KJARAMÁLA	1.618
FÉLAGSGJÖLD	2,1 ma.kr.
FJÖLDI GISTINÁTTA ORLOFSHÚSA	22.239
GREIDDIR SJÚKRADAGPENINGAR	2,3 ma.kr.
STARFSMENNTASTYRKIR, FJÖLDI	7.660
VR VARASJÓÐUR, STYRKIR	766 m.kr.
VR VARASJÓÐUR, FJÖLDI EINSTAKLINGA	17.303

KYNJABÓKHALD VR




GREIÐSLUR ÚR VR VARASJÓÐI 2023

- Forvarnir
- Orlofsþjónusta
- Lækniskostnaður
- Endurhæfing
- Hjálpartæki
- Námsorlof
- Annað




SJÚKRASJÓÐUR VR

HLUTFALL SJÚKRADAGPENINGA AF IÐGGJÖLDUM



SJÚKRADAGPENINGAR PR. 1.000 FÉLAGA Í VR





Stjórn VR hefur tekist á við ærin verkefni á starfsári sínu 2023-2024. Þar ber helst að nefna nýafstaðnar kjarasamningaviðræður sem fóru fram í skugga mikillar verðbólgu og ítrekaðra stýrivaxtahækkana Seðlabanka Íslands. Þetta ástand hefur leikið félagsfólk okkar grátt, ekki síst í tengslum við húsnæðismarkaðinn þar sem staðan er afar þung.

Markmið nýrra kjarasamninga, sem voru undirritaðir þann 14. mars 2024, er að sporna við þessari þróun og auka kaupmátt VR félaga og alls launafólks. Það verður gert með því að draga úr verðbólgu og ná niður stýrivöxtum, með samstilltu átaki verkalýðshreyfingarinnar, stjórnvalda og atvinnulífsins. Launafólk hefur þegar lagt sitt á vogaskálarnar með hófstílltum launakröfum en nú verður brýnt að fylgja nýjum kjarasamningum eftir og tryggja að stjórnvöld og atvinnurekendur standi við gefin loforð. Það kemur ekki til greina að láta vinnandi fólk axla ábyrgð á verðbólgunni eitt. Undirbúningur kjarasamninga hófst í beinu framhaldi af því að skrifað var undir skammtímakjarasamning í lok árs 2022. Markmið þess samnings var að styðja við kaupmátt launa og veita fyrirsjáanleika á tímum mikillar óvissu. Þannig væri hægt að skapa forsendur fyrir frekari viðræður og þeim langtímasamningum sem náðust 14. mars 2024. Kröfugerð VR gagnvart Samtökum atvinnulífsins var óbreytt frá 2022 og unnið var á þeim grundvelli yfir starfsárið 2023-2024.

Á vor- og haustmánuðum 2023 var fundað reglulega með aðilum vinnumarkaðarins, skerpt á kröfum verkalýðshreyfingarinnar og efnahagsástandið greint. Þungi færðist í kjaraviðræðurnar undir lok árs 2023 þegar

VR og önnur aðildarfélög ASÍ mynduðu breiðfylkingu stéttarfélagana sem gengu, fyrst um sinn, sameinuð til samninga við Samtök atvinnulífsins. Það var mikil og vönduð undirbúningsvinna sem fór fram á vettvangi breiðfylkingarinnar þar sem ákveðin samstaða náðist um grundvallarnálgun nýrra samninga, í anda þjóðarsáttarinnar frá 10. áratug síðustu aldar.

Kjaraviðræðurnar gengu hins vegar ekki þrautalaust fyrir sig. Í janúar 2024 var deilunni vísað til ríkissáttasemjara og í lok febrúar tók stjórn VR ákvörðun um að draga sig úr breiðfylkingu stéttarfélagana. Sjálfstæð viðræðunefnd VR og LÍV var skipuð og náðust samningar loks um miðjan mars. Undirritun samninga fór fram í skugga hótunar SA um verkban á allt skrifstofufólk VR – sem voru ofsafengin viðbrögð atvinnulífsins við sjálfsagðri kröfu félaga okkar sem starfa í flugafgreiðslu á Keflavíkflugvelli um að ná fram tímabærum breytingum á fráleitu vinnufyrirkomulagi sem þekkist hvergi annars staðar á íslenskum vinnumarkaði. Samninganefnd, stjórn, trúnaðarráð og starfsfólk VR á hrós skilið fyrir að hafa landað samningum undir þessum kringumstæðum. Það er alltaf ósk þeirra sem starfa í þágu verkalýðshreyfingarinnar að ná meiru fram fyrir sitt félagsfólk en stjórn VR hefur trú á þessum samningum og þeim raunverulegu kjarabótum og áfangasigrum sem í þeim felst.

Þegar við víkjum að starfsemi félagsins er ánægjulegt að segja frá því að á árinu 2023 fór meðalfjöldi VR félaga yfir 40.000 í fyrsta skiptið. Félagið er í vexti og stendur styrkum fótum. Þjónusta VR er í sífellndri þróun og félagið

leitast ætíð nýrra leiða til að koma til móts við félagsfólk. Til dæmis má nefna að nýtt vefspjall var tekin í notkun á vr.is og hafa móttökurnar verið góðar. Þá var ný launareiknivél tekin í notkun sem er félögum aðgengileg á Mínum síðum. Reiknivélin byggir á spálíkani sem veitir nákvæmari upplýsingar um laun mismunandi starfa en eldri launarannsóknir, með því að taka tillit til fleiri forsendna sem kunna að hafa áhrif á laun VR félaga. Þessi þjónusta mælist vel fyrir og eru margir sem hafa nýtt sér hana.

Sérfræðingar kjaramálasviðs veittu tæplega 2000 félögum aðstoð á skrifstofu félagsins í Reykjavík árið 2023 sem er 16% aukning frá 2022. Þá hefur félögum fjölgað sem sækja styrki til sjúkrasjóðs, varasjóðs og starfsmenntasjóðs. Orlofshús félagsins eru orðin 86 talsins en gistinætur árið 2023 voru alls 22.239 sem er aukning á milli ára.

Sí- og endurmenntun gegnir mikilvægu hlutverki hjá félaginu sem fyrr enda brýnt að undirbúa félaga okkar undir þær breytingar sem munu verða á tímum tæknibreytinga og gervigreindar. Samstarfsverkefni VR og SVP um aukna hæfni og þekkingu starfsfólk í verslun og þjónustu var sett af stað á árinu og haustið 2023 fór fram fyrsta mælingin í metnaðarfullu könnunarverkefni um virkni starfsfólks í sí- og endurmenntun.

STJÓRN VR STARFSÁRIÐ 2023 - 2024

Ragnar Þór Ingólfsson formaður, Selma Björk Grétarsdóttir varaformaður, Ólafur Reimar Gunnarsson ritari, Bjarni Þór Sigurðsson, Halla Gunnarsdóttir, Jennifer Schröder, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson og Ævar Þór Magnússon.

Til vara: Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir og Tómas Gabríel Benjamín.



Stjórn VR 2023 – 2024, fremri röð frá vinstri: Jennifer Schröder, Þórir Hilmarsson, Selma Björk Grétarsdóttir, Ragnar Þór Ingólfsson, Ólafur Reimar Gunnarsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir. Efri röð frá vinstri: Jónas Yngvi Ásgrímsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Ævar Þór Magnússon, Halla Gunnarsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigurður Sigfússon.

Breytingar á stjórn: í september 2023 hætti Fríða Thoroddsen í stjórn VR. Ævar Þór varð því aðalmaður í stjórn, Kristjana Þorbjörg fyrsti varamaður og Tómas Gabríel annar varamaður. Ljósmynd: Birgir Isleifur.

Þá náðu hádegisfyrirlestrar, námskeið og skólakynningar til þúsunda félaga á starfsárinu. VR býður upp á fjölbreytt frambod fyrirlestra og námskeiða fyrir félagsfólk sitt á vinnumarkaði, bæði á rafrænu formi og á staðfundum.

Húnæðismálin hafa, eins og undanfarin ár, verið fyrirferðamikil á nýliðnu starfsári stjórnar. Uppbygging VR Blævar hélt áfram og í ágúst 2023 var fyrsta skóflustunga tekin að tveimur fjölbýlishúsum í Úlfarsárdal, sem var afar ánægjulegur áfangi. Þrjátíu og sex íbúðir verða í húsunum, sem verða leigðar til félagsfólks VR. Á starfsárinu vann húsæðisnefnd VR úthlutunarreglur Blævar sem skilgreina verklag í tengslum við ýmsa þætti starfseminnar en fyrstu íbúðir félagsins verða afhentar í lok þessa árs.

Ég færi stjórn VR, starfsfólki og félagsfólki öllu mínar bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf á starfsárinu. Það eru mikilvæg verkefni framundan sem ég hlakka til að takast á við með ykkur af vandvirkni og með þeim krafti sem einkennir allt starf VR.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR

A handwritten signature in blue ink, reading "Ragnar Þór Ingólfsson". The signature is fluid and cursive, with a date "4/38" written at the end.

AÐALKJARASAMNINGAR VR

Aðalkjarasamningar VR runnu út þann 31. janúar 2024. Nýir samningar voru undirritaðir þann 14. mars 2024 og er gildistími þeirra frá 1. febrúar sama ár til 31. janúar 2028.

KJARASAMNINGAVIÐRÆÐUR Í SKUGGA VERÐBÓLGU

VR lagði fram drög að viðræðuáætlun vegna nýrra kjarasamninga í beinu framhaldi af því að skammtímasamningur var undirritaður í lok árs 2022. Markmiði þess samnings, sem gildi frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024, var að styðja við kaupmátt launa og veita heimilum og fyrirtækjum fyrirsjáanleika á miklum óvissutímum. Skammtímasamningurinn átti þannig að skapa forsendur fyrir frekari viðræður og langtímasamningi á vinnumarkaði.

Vinna í tengslum við langtímasamning hófst strax í byrjun árs 2023. Sú vinna fór meðal annars fram í gegnum starfshóp sem VR átti aðild að, skipuð fulltrúum SA og nokkurra stéttarfélaganna. Starfshópurinn hafði það markmið að fylgjast með framvindu efnahagsmála og þróun verðlags. Starfshópurinn fundaði mánaðarlega sín á milli en hitti jafnframt fulltrúa Seðlabanka Íslands, Hagstofu Íslands, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og innviðaráðuneytisins ársfjórðungslega.

Kröfugerð VR var í meginráttum óbreytt frá árinu 2022 og lagði meðal annars fram kröfur um styttingu vinnuvikunnar, fjölgun orlofsdaga, auknið atvinnulýðræði, aukinn stuðning við sí- og endurmenntun starfsfólks, rammasamning um fjarvinnu, og margt fleira. Fulltrúar VR funduðu reglulega með SA í tengslum við þessar kröfur frá vormánuðum 2023 og fram á haust.

Verðbólga og stýrivaxtahækkunir Seðlabanka Íslands settu sterkan svip sinn á framvindu efnahagsmála árið 2023. Fjórtaða stýrivaxtahækkunin í röð kom í ágúst 2023 þegar meginvextir Sí urðu 9,25% og hafa þeir (þegar þessi orð eru skrifuð í mars 2024) haldist óbreyttir síðan. Þessi snarpa hækkun vaxta leiddi til þess að greiðslubyrði heimilanna þyngdist verulega og staðan á húsnæðismarkaði versnaði enn frekar. Mörg heimili stóðu frammi fyrir þeirri erfiðri

ákvörðun að búa við skertan kaupmátt vegna himinhárra afborgana af óverðtryggðum lánnum eða flýja yfir í verðtryggð húsnæðislán sem eru með lægri greiðslubyrði en hægja aftur á móti verulega á eignamyndun.

Þessar aðstæður höfðu áhrif á gang kjaraviðræðna og fljótlega varð ljóst að meginmarkið nýrra samninga yrði að ná niður verðbólgu og stýrivöxtum með samstilltu átaki verkalyðshreyfingarinnar, atvinnurekenda og stjórnvalda.

Breiðfylking stéttarfélaganna

Í lok árs 2023 náðist samkomulag milli VR, LÍV og annarra stærstu landssambanda og stéttarfélaganna á almennum vinnumarkaði um að mynda breiðfylkingu sem myndi ganga sameinuð til kjarasamninga. Breiðfylkingin samanstóð af VR, LÍV, Eflingu, Samiðn – sambandi iðnfélaga, og Starfsgreinasambandi Íslands. Samanlagt fór þessi upphaflega breiðfylking með samningsumboð fyrir rúmlega 115 þúsund manns eða um 93% launafólks innan vébanda ASÍ.

Markmið breiðfylkingarinnar var að sameinast um grundvallarnálgun til kjarasamningagerðar á tímum ofurvaxta og mikillar verðbólgu í anda þjóðarsáttarinnar frá tíunda áratug síðustu aldar. Samstaða náðist um að fara fram með hófsamar launahækkunir gegn því að stjórnvöld myndu koma til móts við launafólk með endurreisn tilfærsluferfa, þ.e. með því að leiðrétta stórfellda rýrnun barnabóta, vaxtabóta og húsnæðisbóta síðustu áratuga. Jafnframt var krafa gerð um að fyrirtæki og sveitarfélög myndi halda aftur af verð- og gjaldskrárhækkunum. Með slíku átaki væri þannig hægt að ná fram raunverulegum kjarabótum fyrir launafólk í landinu með því að verja kaupmátt þess gegn frekari verðbólgu og auka stuðning við fjölskyldur og heimili.

Til þess að tryggja að allir aðilar myndu leggja sig fram við að uppfylla markmið samningsins og að launafólk yrði ekki látið eitt bera ábyrgð á verðbólgunni fór breiðfylkingin jafnframt fram á að ströng forsenduákvæði yrðu sett í samninginn. Forsenduákvæði áttu að tryggja launafólki rétt til þess að endurskoða eða segja upp samningum ef að tiltekin

Tímalína kjarasamninga VR og samtaka atvinnurekenda 2023 - 2024

22. DESEMBER 2023

VR og LÍV semja við önnur stéttarfélög og landsambönd um myndun breiðfylkingar

28. DESEMBER 2023

Fyrsti fundur breiðfylkingar stéttarfélaganna og SA. Sameiginleg yfirlýsing breiðfylkingar og SA um vilja til að ná langtímasamningum og lækka verðbólgu

17. JANÚAR 2024

Breiðfylking lýsir yfir vonbrigðum með stefnubreytingu hjá SA

verðbólguþáttur myndu ekki nást eða ef einhverjir aðilar samnings myndu ekki standa við gefin loforð.

Fyrsti formlegi fundur breiðfylkingar stéttarfélaganna á almennum vinnumarkaði og SA fór fram þann 28. desember 2023. Jákvæður tónn var í viðræðunum fyrst um sinn og í kjölfar fundarins var gefin út sameiginleg yfirlýsing breiðfylkingarinnar og Samtaka atvinnulífsins um vilja til þess að ná langtímakjarasamningi í takt við ofangreinda nálgun, með því markmiði að auka fyrirsjáanleika og stöðugleika í efnahagslífinu.

Samningaviðræður héldu áfram á nýju ári þar sem tæknilegar útfærslur á hugmyndum breiðfylkingarinnar voru ræddar. Þann 17. janúar 2024 sendi breiðfylkingin hins vegar frá sér tilkynningu þess efnis að viðræður gengu hægt og að SA hefði fjarlægst sig frá upphaflegum, jákvæðum viðbrögðum sínum við nálgun verkalýðshreyfingarinnar. Eftir frekari fundi reyndist ný afstaða SA óbreytt og því vísaði breiðfylkingin kjaradeilu sinni til ríkissáttasemjara þann 24. janúar 2024.

Áframhaldandi andstaða SA við forsenduákvæði í fjögurra ára samningi leiddi síðan til þess að þann 9. febrúar 2024 lýsti breiðfylking landssambanda og stéttarfélaganna á almennum vinnumarkaði yfir árangursleysi viðræðna.

Tveimur vikum síðar eða þann 23. febrúar 2024 sögðu VR og LÍV sig frá samstarfi breiðfylkingarinnar vegna áframhaldandi ágreinings um forsenduákvæði kjarasamningar. VR leit á forsenduákvæði sem grundvöll mögulegs langtímasamnings og gat ekki samþykkt þá útfærslu sem aðrir aðilar breiðfylkingarinnar skrifuðu undir. Þessi ákvörðun var kynnt í trúnaðarráði VR og í kjölfarið var sjálfstæð viðræðunefnd skipuð. Í nefndinni sátu fyrir hönd VR Ragnar Þór Ingólfsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Selma Björk Grétarsdóttir og Þórir Hilmarsson og fyrir hönd LÍV Eiður Stefánsson.

Atkvæðagreiðslur um verkfall og verkþann

Viðræðunefnd VR og LÍV sendi frá sér yfirlýsingu þann 1. mars 2024 þar sem kveðið var á um nauðsyn þess að ná fram sterkum forsenduákvæðum og samstilltu átaki allra aðila vinnumarkaðarins, til þess að ná niður verðbólgu og vöxtum og tryggja langtímasamning. Eins var fjallað um vilja viðræðunefndar til þess að taka fyrir ýmis sérmál á vettvangi VR og LÍV sem höfðu ekki verið rædd til þessa, til dæmis í sambandi við starfsmenntamál en einnig samninga varðandi kjör starfsfólks í flugafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli þar sem starfað er eftir vinnufyrirkomulagi sem þekkist hvergi annars staðar á íslenskum vinnumarkaði.

Á fyrstu fundum viðræðunefndarinnar við SA voru þessi atriði tekin fyrir. Þann 6. mars samþykkti síðan samninganefnd VR að efna til atkvæðagreiðslu um verkföll meðal félagsfólks sem starfar í farþega- og hleðsluþjónustu Icelandair á Keflavíkurflugvelli. Tilgangur slíkra aðgerða væri að knýja á um breytingar á kjörum þessa hóps en helmingur þeirra 150 sem starfa við farþegaafgreiðslu Icelandair er gert að lækka starfshlutfall sitt yfir vetrarmánuðina úr 100% í 76%. Ólíkt öðru starfsfólki sem sinnir störfum tengdum flugi í Keflavík vinnur það ekki alla jafna á 12 tíma vöktum heldur á svo kölluðum „stubbavöktum“ þar sem því er gert að mæta til vinnu að vetri milli 5 og 9 að morgni, og síðan aftur á milli 13 og 17. Samninganefnd VR lýsti yfir von sinni að hægt væri að leysa þessi mál án þess að grípa til verkfalla og tryggja þannig sjálfsagðan rétt starfsfólks til samfellds vinnutíma. Áform VR voru kynnt á fundi með umræddu starfsfólki í Keflavík og atkvæðagreiðsla um boðun vinnustöðvunar átti að standa frá 11. til 14. mars 2024. Atkvæði hafði það starfsfólk hjá farþega- og hleðsluþjónustu Icelandair á Keflavíkurflugvelli sem starfaði samkvæmt sérkjarasamningi SA vegna Icelandair og VR, sem gilti frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024.

Samtök atvinnulífsins brást við tilraunum VR til þess að ná fram tímabærum úrbótum fyrir sitt félagsfólk með því að boða til atkvæðagreiðslu um verkþann sem átti að ná til alls skrifstofufólks innan VR. Atkvæðagreiðsla meðal aðildarfélaganna SA átti að standa frá 12. mars til 14.

24. JANÚAR 2024

Breiðfylking vísar kjaradeilu til ríkissáttasemjara

31. JANÚAR 2024

Fyrsti samningafundur breiðfylkingar hjá ríkissáttasemjara

mars. Fyrirhugað verkþann átti að hefjast á sama tíma og verkfallsaðgerðir VR, þann 22. mars 2024.

Samninganefnd VR og LÍV fordæmdi ákvörðun SA um að boða til atkvæðagreiðslu um verkþann í yfirlýsingu þann 12. mars og lýsti henni sem ofsafengnum viðbrögðum við sjálfsögðum kröfum fámenns hóps.

Ríkissáttasemjari lagði fram innanhússtillögu um mögulega lausn á deilu samningsaðila þann 13. mars 2024 og var báðum samningsaðilum gert að taka afstöðu til hennar fyrir kl. 20:00 sama kvöld.

Nýir kjarasamningar undirritaðir

VR og LÍV skrifuðu undir kjarasamning aðfaranótt fimmtudagsins 14. mars 2024. Fallið var frá áformum um verkföll og verkþann en bókun sett í samning um að vinna að breyttu vaktafyrirkomulagi hjá starfsfólki í farþegaafgreiðslu Icelandair. Þeirri vinnu á að ljúka fyrir 20. desember 2024. Sama dag var gengið frá samskonar kjarasamningi við FA.

NÝIR KJARASAMNINGAR

Í kjarasamningi VR og Samtaka atvinnulífsins var samið um launahækkunir í formi hlutfallshækkunar og lágmarkskrónutöluhækkunar. Fyrsta launahækkunin tekur gildi frá 1. febrúar 2024 og munu laun hækka á hverju ári samningstímabilsins (sjá nánar um launahækkunir fyrir neðan).

Þá kveða samningarnir á um aukinn orlofsrétt launafólks, hækkun desember- og orlofsuppbótar og margt fleira. Markmið samninganna er að auka kaupmátt launafólks með því að stuðla að lækkun verðbólgu og vaxta.

Gildistími beggja aðalkjarasamninga félagsins er frá 1. febrúar 2024 til 31. janúar 2028. Hér að neðan er fjallað um helstu atriði samninganna og er miðað við samning VR og SA, nema annað sé tekið fram.

Meginmarkmið

Meginmarkmið samningsins er að stuðla að minnkun verðbólgu og lækkun vaxta, sem er mikið hagsmunamál



23. FEBRÚAR 2024

VR slítur sig frá breiðfylkingu stéttarfélaganna og landsambanda

9. FEBRÚAR 2024

Breiðfylking lýsir yfir árangursleysi viðræðna

29. FEBRÚAR 2024

VR fundar með trúnaðarráði og skipar sjálfstæða viðræðunefnd

heimila og fyrirtækja. Jafnframt er markmið samningsins að auka kaupmátt launafólks.

Launahækkunar

Launahækkunar samningsins er í formi hlutfallshækkunar og lágmarkskrónutöluhækkunar og verða sem segir:

- Þann 1. febrúar 2024 hækka laun um 3,25% en þó um 23.750 kr. að lágmarki.
- Þann 1. janúar 2025 hækka laun um 3,50% en þó um 23.750 kr. að lágmarki.
- Þann 1. janúar 2026 hækka laun um 3,50% en þó um 23.750 kr. að lágmarki.
- Þann 1. janúar 2027 hækka laun um 3,50% en þó um 23.750 kr. að lágmarki.

Kjaratengdir liðir kjarasamnings hækka jafnframt samhlíða almennum launahækkunum með samsvarandi hætti.

Kauptaxtar

Nýjar launatöflur fylgja samningnum, vegna árána 2024-2027.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

- Á árinu 2024 106.000 kr.
- Á árinu 2025 110.000 kr.
- Á árinu 2026 114.000 kr.
- Á árinu 2027 118.000 kr.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

- Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2024 verði orlofsuppbót kr. 58.000.
- Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2025 verði orlofsuppbót kr. 60.000.
- Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2026 verði orlofsuppbót kr. 62.000.
- Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2027 verði orlofsuppbót kr. 64.000.

Orlof

Samið var um aukinn orlofsrétt og verða breytingar gerðar í tveimur skrefum.

Frá og með 1. maí 2024 breytist gr. 4.3 um orlofsauka og verður sem hér segir (orlof sem kemur til töku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2025)

- Starfsmaður sem starfað hefur í 6 mánuði í sama fyrirtæki og náð hefur 22 ára aldri eða í 6 mánuði í sama fyrirtæki eftir framhaldsskólapróf skal eiga rétt á orlofi í 25 daga og skulu orlofslaun vera 10,64%.
- Eftir 5 ár í sömu starfsgrein skal starfsmaður hafa 25 daga orlof og skulu orlofslaun vera 10,64%.
- Eftir 5 ár í sama fyrirtæki eða 10 ár í sömu starfsgrein skal starfsmaður hafa 27 daga orlof og skulu orlofslaun vera 11,59%.
- Eftir 7 ár í sama fyrirtæki skal starfsmaður hafa 30 daga orlof og skulu orlofslaun vera 13,04%.
- Áunninn réttur vegna starfa í sama fyrirtæki endurnýjast eftir tveggja ára starf hjá nýju fyrirtæki, enda hafi hann verið sannreyndur.

Frá og með 1. maí 2025 breytist gr. 4.3 um orlofsauka og verður sem hér segir (orlof sem kemur til töku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2026):

- Starfsmaður sem starfað hefur í 6 mánuði í sama fyrirtæki og náð hefur 22 ára aldri eða í 6 mánuði í sama fyrirtæki eftir framhaldsskólapróf skal eiga rétt á orlofi í 25 daga og skulu orlofslaun vera 10,64% (óbreytt frá 1. maí 2024).
- Eftir 5 ár í sömu starfsgrein skal starfsmaður hafa 26 daga orlof og skulu orlofslaun vera 11,11%.
- Eftir 4 ár í sama fyrirtæki eða 10 ár í sömu starfsgrein skal starfsmaður hafa 28 daga orlof og skulu orlofslaun vera 12,07%.
- Eftir 6 ár í sama fyrirtæki skal starfsmaður hafa 30 daga orlof og skulu orlofslaun vera 13,04%.
- Áunninn réttur vegna starfa í sama fyrirtæki endurnýjast eftir tveggja ára starf hjá nýju fyrirtæki, enda hafi hann verið sannreyndur (óbreytt frá 1. maí 2024).

4. MARS 2024

Fyrsti fundur viðræðunefndar VR hjá ríkissáttasemjara

6. MARS 2024

VR boðar atkvæðagreiðslu um verkfall starfsfólks í flugafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli

Framleiðniauki og kauptaxtauki

Samið var um framleiðniauka, sem er viðbótar hækkun launa sem kemur til greiðslu á samningstímanum ef framleiðni eykst umfram 2% á árunum 2025 og 2026.

Þá var samið um að sérstök launa- og forsendunefnd myndi í mars 2025, 2026 og 2027 úrskurða um mögulegan kauptaxtauka, sýni launavísitala Hagstofu Íslands fyrir almennan vinnumarkað að laun hafi hækkað umfram hækkun lægstu kauptaxta. Kauptaxtaukinn reiknast þá sem hlutfall umframhækkunar þeirra vísitölu samanborið við lægstu taxa.

Komi samhliða til greiðslu framleiðniauki og kauptaxtauki skulu lágmarkskauptaxtar taka þeim auka sem hærri er hverju sinni.

Önnur mál

Meðal annarra mála í nýjum kjarasamningum er kafli um **fjarvinnu** sem skilgreinir hvað felst í slíku vinnufyrirkomulagi og kveður á um að gera skal skriflegt samkomulag um reglubundna fjarvinnu. Fjarvinnusamkomulag skal m.a. kveða á um hvernig atvinnurekandi bætir eða greiðir beinan kostnað sem stafar af fjarvinnu og sér starfskrafti fyrir viðeigandi tæknilegri aðstoð.

Þá var samið um að starfsfólk skyldi hafa rétt til þess að verja allt að **16 dagvinnustundum** á ári til setu á fagtengdum námskeiðum án skerðingar launa.

Jafnframt náðist samkomulag um að heimilt væri að kjósa **þrjá trúnaðarmenn** innan fyrirtækis ef fjöldi félagsfólks er meiri en 120 á sömu starfsstöð.

Forsenduákvæði

Til að styrkja markmið kjarasamninganna um minnkun verðbólgu, lækkun vaxta og aukinn kaupmátt launafólks mun sérstök launa- og forsendunefnd taka til starfa, skipuð fulltrúum SA og fulltrúum tilnefndum af samninganefndum þeirra aðildarfélaga ASÍ sem standa að sameiginlegum samningsforsendum.

Verkefni nefndarinnar er að fylgjast með framvindu þeirra þátta í efnahagslífinu sem áhrif geta haft á markmið samningsins, leggja formlegt mat á forsendur þeirra, og eftir atvikum semja viðbrögð við forsendubresti. Formlegt mat á samningsforsendum fer fram í september 2025 og september 2026.

Forsendur kveða á um að tiltekin verðbólguþáttur séu uppfyllt og að stjórnvöld standi við gefin loforð og komið lagabreytingum í gegn sem yfirlýsing ríkisstjórnarinnar frá 7. mars 2024 kveður á um.

Komist launa- og forsendunefnd að þeirri niðurstöðu að skilgreindar forsendur séu brostnar skal hún semja um viðbragð sem hefur jákvæð áhrif á framvindu þeirra markmiða sem samnigsaðilar hafa sett sér. Ef samkomulag næst hins vegar ekki um viðbrögð við forsendubresti hafa samnigsaðilar rétt til þess að segja samningnum upp með eftirfarandi hætti:

- Vegna endurskoðunar í september 2025 skal tilkynna uppsögn samnings fyrir kl 16:00 þann 8. október 2025 og fellur samningurinn þá úr gildi þann 31. október 2025.
- Vegna endurskoðunar í september 2026 skal tilkynna uppsögn samnings fyrir kl 16:00 þann 8. október 2026 og fellur samningurinn þá úr gildi þann 31. október 2026.

Atkvæðagreiðslur um samninga

VR boðaði til leynilegrar rafrænnar atkvæðagreiðslu um nýja kjarasamninga. Atkvæðagreiðsla hófst kl. 10:00 mánudaginn 18. mars 2024 og lauk kl. 12:00 á hádegi fimmtudaginn 21. mars. 2024.

Kjarasamningur VR við SA var samþykktur með 78,56% atkvæða í kosningu sem lauk á hádegi í dag, en já sögðu 5485 VR félagar og nei sögðu 1325 eða 18,98%. Þau sem tóku ekki afstöðu voru 172 eða 2,46%. Á kjörskrá um samning VR og SA voru 39.639 VR félagar og greiddu 6982 atkvæði, og var kjörsókn því 17,61%.

12. MARS 2024

SA boðar atkvæðagreiðslu um verkþann á skrifstofufólk VR

13. MARS 2024

Kjarasamningur við SA undirritaður

13. MARS 2024

Ríkissáttasemjari leggur fram innanhússtillögu

Kjarasamningur VR við FA var samþykktur með 80,12% atkvæða, en já sögðu 262 VR félagar og nei 60, eða 18,35%. Þau sem tóku ekki afstöðu voru 5 eða 1,53%. Á kjörskrá um samning VR og FA voru 1242 VR félagar og greiddu atkvæði 327, og var kjörsókn því 26,35%.

Nýr kjarasamningur var jafnframt kynntur á félagsfundum VR sem haldinn var mánudaginn 18. mars 2024 á Grand hóteli í Reykjavík.

Fræðsla og auglýsingar í tengslum við kjarasamninga 2023-2024

VR birti auglýsingar í sjónvarpi og á samfélagsmiðlum í aðdraganda kjarasamningaviðræðna, undir yfirskriftinni Nú er komið að okkur og vöktu þær mikla athygli. Sjá nánar í umfjöllun um kynningarmál á blaðsíðu 33.

AÐRIR KJARASAMNINGAR

Samhliða aðalkjarasamningum voru sérkjarasamningar VR og SA endurskoðaðir.

Breyting var gerð á sérkjarasamningi milli VR og SA vegna **starfsfólks í apótekum** sem kveður á um að í þeim apótekum þar sem krafist er sérstaks skófatnaðar við vinnu

skal atvinnurekandi leggja fastráðnu starfsfólki til eitt par af skóm á ári.

Breyting var gerð á sérkjarasamningi milli VR og SA vegna **starfsfólks gestamóttöku** sem kveður á um ferðir til og frá vinnustað á höfuðborgarsvæðinu greiðist af atvinnurekanda, á þeim tíma sem strætisvagnar ganga ekki. Sama regla gildir á öðrum þéttbýlisstöðum þar sem almenningsvagnar ganga frá morgni til kvölds alla daga vikunnar. Greiðslan er 1.975 kr. en fjárhæðina skal uppfæra á sama tíma og almennar launahækkanir samkvæmt undirvísitölu neysluverðs 07322 leigubifreiðar (227,1).

Sérkjarasamningur milli VR og Icelandair/SA vegna **starfsfólks í farþega- og hleðsluþjónustu** á Keflavíkurflugvelli var til skoðunar og eins og kunnugt er var þess krafist að vaktafyrirkomulagi yrði breytt. Samið var um bókun um að unnið yrði að breytingu á fyrirkomulaginu og skal þeirri vinnu vera lokið eigi síðar en 20. desember 2024.

Allir samningarnir eru jafnframt hluti af aðalkjarasamningi VR og Samtaka atvinnulífsins.




14. MARS 2024

Kjarasamningur við FA undirritaður

21. MARS 2024

Atkvæðagreiðsla um kjarasamninga lýkur




Persónubundin laun

Við ákvörðun launa milli vinnuveitanda og starfsmanns skulu laun endurspegla vinnuframlag, hæfni, menntun og færni viðkomandi starfsmanns svo og innihald starfsins og þá ábyrgð sem starfinu fylgir. Gæta skal ákvæða jafnréttislaða við launaákvörðunar.

Séu laun á vinnustöðum þar sem vinnutími ákvarðast af afgreiðslutíma ákveðin sem heildarlaun fyrir heildarvinnuframlag skal koma fram áætlað vinnuframlag að baki heildarkjörum, fjöldi greidd yfirvinnutíma að meðaltali í m eða önnur samsetning launa eftir því sem við á. Verðir breytinga

11:49
17.8.2023
13°C



ÞJÓNUSTA KJARAMÁLASVIÐS

Sérfræðingar kjaramálasviðs veittu 1.973 félögum aðstoð á skrifstofu félagsins í Reykjavík árið 2023 samanborið við 1.701 árið áður. Aukning milli ára er því 16%.


Sérfræðingar sviðsins stofnuðu 1.618 ný mál á árinu 2023 sem er 6% fækkun frá fyrra ári en þá voru málin 1.728. Mál eru stofnuð ef sérfræðingar sviðsins telja ástæðu til eða þegar frekari aðstoð er enn talin þörf í kjölfar fyrstu heimsóknar/símtals. Ef frá eru talin umsagnir vegna atvinnuleyfa fyrir erlent félagsfólk voru ný mál alls 1.301 samanborið við 1.425 á árinu 2022. Þar af voru 38% með erlent ríkisfang sem er aukning frá 2022. VR veitti 317 umsagnir um atvinnuleyfi sem er aukning frá 2022. Umsögn stéttarfélags um atvinnuleyfi felur m.a. í sér að félagið gangi úr skugga um að laun séu ekki undir lágmarksákvæðum kjarasamninga.

Flest mála sem komu til kasta sérfræðinga sviðsins sneru að uppsögn eða starfslokum eða 350 talsins. Mál sem varða launaútreikninga voru 203 talsins og mál tengd yfirferð launaseðla voru einnig fjölmörg, eða 151. Mál sem varða samskipti á vinnustað, einelti og kynferðislega áreitni voru 58 á árinu 2023 sem er svipaður fjöldi og frá fyrra ári

Alls bárust 7.550 tölvupóstar á pósthöfund kjaramálasviðs á árinu 2023 og þar af bárust 2.459 póstur frá vr@vr.is. Meðalfjöldi tölvupósta var því 30 á dag, samanborið við 26 á dag árið áður.


Vefspjall á vr.is var tekið í notkun sl. vor og er þessi þjónusta hrein viðbót við þá snertifleti sem VR hefur við félagsfólk. Samskipti í gegnum vefspjall sem svarað var af sérfræðingum kjaramálasviðs voru alls 518 árið 2023 og

FJÖLDI NÝRRÁ KJARAMÁLA



Fjöldi án veittra, skráðra atvinnuleyfa til erlends félagsfólks

ATVINNULEYSI MEÐAL VR FÉLAGA Í NÓVEMBER ÁR HVERT



þarf af voru 5 á ensku. Ef enginn sérfræðingur kjaramálasviðs er laus í vefspjall eru erindi þaðan send sem tölvupóstur á kjaramal@vr.is en á árinu var 50 beiðnum frá vefspjallinu vísað þangað. Auk þess bárust 8.903 símtöl til kjaramálasviðs á árinu samanborið við 8.068 árið 2022, sem er 10% aukning.

Fjöldi mála í vinnslu og kröfur í þrotabú

Um áramótin 2023 - 2024 var VR með 211 mál í vinnslu, þar af voru 75 mál til vinnslu hjá lögmanni félagsins. Af þessum 211 opnu málum voru 24 frá árinu 2022 og fimm frá árinu 2021 eða eldri. Á árinu 2023 var 73 málum vísað til lögmanns félagsins til úrlausnar, samanborið við 79 árið 2022.

VR innheimti alls tæplega 311 milljónir króna fyrir 198 VR félaga á árinu 2023 sem er um 33% hærra upphæð en innheimt var árið áður. VR sótti kröfur fyrir alls 82 félaga í þrotabú 22 fyrirtækja á árinu 2023. Árið á undan voru fyrirtækin 11 talsins, en þá voru sóttar kröfur fyrir 40 félaga.

VINNUSTAÐAEFTIRLIT

Vinnustaðaeftirlit VR byggir á samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum sem tók gildi árið 2010. Eftirlitið annast fulltrúar sem heimilt er að fara í heimsóknir á vinnustaði sem undir lögin falla til að ganga úr skugga um að atvinnurekandi og starfsfólk starfi í samræmi

við gildandi lög, reglugerðir og kjarasamninga.

Vinnustaðaeftirlit VR var vegna veikinda og mannaþreyinga ekki virkt fyrr en um haustið 2023. Alls fóru sérfræðingar VR í 17 fyrirtæki og hittu 40 aðila. Um miðjan nóvember var ábendingahnappi komið fyrir á vris sem félagsfólk getur notað til að senda ábendingar, leiki grunur á að brot séu framin á starfsfólki á vinnustað. Frá því að hnappurinn var gerður aðgengilegur félagsfólki bárust alls sex tilkynningar sem vinnueftirlitið skoðaði.

DÓMSMÁL

Á árinu 2023 fóru 53 mál til lögmans VR til frekari innheimtu, að gjaldþrotamálum undanskildum. Sendar stefnur fyrir hönd félagsfólks VR árið 2023 voru alls 23. Aðstoð dómstóla þurfti í þremur málum sem enduðu með dómi, átta af þessum stefnum verða teknar fyrir í dómssal á næsta ári, sex mál voru greidd eftir að stefnan var birt og sex mál voru felld niður vegna gjaldþrots. Málflutningur átt sér stað í Héraðsdómi á árinu í 8 málum frá fyrri árum. Eitt mál var tekið fyrir í Hæstarétti og dómsátt var gerð í tveimur málum frá fyrri árum árið 2023.

Veikindalaun í kynleiðréttingarferli

Í byrjun sumars 2021 féll dómur í máli sem VR höfðaði fyrir kynsegin VR félaga. Samtök atvinnulífsins (SA) tók til varnar í þessu máli fyrir hönd fyrirtækisins. Krafist var veikindalauna í tvo mánuði vegna brjótснаmsaðgerðar og fylgikvilla hennar. Þessi aðgerð var hluti af kynleiðréttingarferli sem VR félaginn var í. Fyrirtækið sem hann vann hjá taldi aðgerðina valkvæða og bæri því ekki að greiða veikindalaun fyrir þann tíma. Málið fór fyrir öll þrjú dómstig landsins, fyrir hönd VR

félagann vanst málið í héraðsdóm. SA áfrýjaði niðurstöðunni til Landsréttar. Landsréttur sneri niðurstöðu héraðsdóms og áfrýjaði VR því málinu til hæstaréttar. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að aðgerðir vegna kynleiðréttingarferlis væru nauðsynlegar til að fyrirbyggja andleg veikindi sem gætu fylgt aðgerðarleysi. Ítarlega var fjallað um niðurstöður hvers dómstigs í öðru tölublaði VR blaðsins árið 2023.

Tilkynning um þungun

Í lok árs 2023 féll dómur sem VR höfðaði fyrir hönd konu sem hafði verið sagt upp þegar hún hafði tilkynnt um þungun. Var þar deilt um hvort brotið hefði verið í bága við 50. gr. laga nr. 144/2020 um fæðingar- og foreldraorlof sem kveður á um að óheimilt sé að segja starfskrafti upp störfum vegna tilkynningar um töku fæðingar- eða foreldraorlofs.

VR félaginn hóf störf í verslun sem sölufulltrúi í apríl 2022. Var hún ráðin munnlega í 40% starf en mánuði síðar, þann 27. maí '22, undirritaði hún og framkvæmdastjóri fyrirtækisins ráðningarsamning. Viku síðar, þann 3. júní, var henni sagt upp störfum af framkvæmdastjóranum, leyst undan vinnuskyldu en fengi kjarasamningsbundinn uppsagnarfrest greiddan. Gerð var krafa um greiðslu launa fram að fæðingardeggi barns auk greiðslu kjarasamningsbundins uppsagnarfrests eftir fæðingu barns.

Deila málsins snerist aðallega um hvort að uppsögn væri heimil en óumdeilt var að konan hafði tilkynnt þungun til annars starfskrafts sem hún leit á sem sinn næsta yfirmann þegar uppsögnin átti sér stað. Bað hún þá um að trúnaðar yrði gætt um þungunina gagnvart samstarfsfólki á þeirra vakt. Hún taldi að umræddur starfsmaður væri hennar



yfirmaður þar sem hún hafði tekið á móti henni fyrsta dag í starfi, séð um starfsþjálfun hennar, tekið á móti veikindatilkynningum og fundið fyrir hana vinnuföt. Eftir það samtal taldi hún vitneskju um þungunina vera komna til vitundar fyrirtækisins og að hún nyti uppsagnarverndar fyrrnefndar 50. gr. fæðingarorlofsлага nr. 144/2020.

Atvinnurekandinn hélt því fram að VR félaginn nyti ekki verndar fæðingarorlofsлага þar sem vitneskja um þungunina hefði ekki verið komin til þess aðila sem hefði vald til uppsagnar og að samstarfskona hennar væri ekki yfirmaður hennar á starfsstöðinni heldur framkvæmdastjóri. Þá taldi atvinnurekandinn einnig að gildar ástæður hafa vera fyrir uppsögninni, VR félaginn hafi verið mikið frá vegna veikinda, í eitt skipti hafi hún mætti hálf tíma of seint til vinnu, að sögn kennara í skóla sem hún sótti vegna starfsins hafi hún hafi virst áhugalaus og verið mikið í símanum og þá hafi samstarfsfólk hennar kvartað undan henni.

Niðurstaða dómsins var sú að ekki hafi verið sannað að samstarfskonan er vissi af þunguninni væri yfirmaður í fyrirtækinu og breytti þar engu þótt hún hafi tekið við veikindatilkynningum. Því hafi tilkynning félagsins ekki uppfyllt skilyrði fæðingarorlofsлага um tilkynningu til atvinnurekanda. Var atvinnurekandi því sýknaður af kröfum stefnandi. Málinu hefur verið áfrýjað til Landsréttar.

Gildissvið sérkjarasamnings vegna starfsfólks í gestamóttöku

Dæmt var í þremur dómsmálum VR gegn hóteli í Reykjavík þann 10. mars 2023 í Héraðsdómi Reykjavíkur. Deilt var um gildissvið sérkjarasamnings VR vegna starfsfólks í gestamóttöku.

Þrjár einstaklingar unnu á smærra hóteli í Reykjavík árin 2018-2019. Fengu þau öll greidd laun samkvæmt kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Eflingar-stéttarfélags vegna vinnu starfsfólks í veitinga- og gistihúsum og hliðstæðri starfsemi. Leituðu þau til Eflingar við starfslok til könnunar um hvort kjör þeirra væru rétt. Fór svo að lögmenn á vegum Eflingar, LAG-Lögmenn, fóru í innheimtu á vangoldnum launum þar sem hótelið hafði ekki gert skriflega ráðningarsamninga við starfsfólkið og væri því óheimilt að greiða starfsfólkinu samkvæmt vaktahluta kjarasamningsins heldur skyldi þeim greidd dagvinna á dagvinnutímabili og yfirvinna utan þess. Við nánari eftirgrennslan ákváðu LAG-lögmenn að falla frá innheimtu þar sem gildissvið kjarasamnings Eflingar ætti ekki við um starf þeirra heldur sérkjarasamningur VR og SA þar sem þau störfuðu í gestamóttöku sem aðalstarf.

Í lok árs 2021 stefndu lögmenn á vegum VR, GBÓ lögmenn, hótelinu á grundvelli þess að lágmarkslaun hefðu ekki verið greidd starfsfólkinu skv. sérkjarasamningi VR/LÍV og SA

vegna starfsfólks í gestamóttöku en laun þess samnings eru hærra launum almenns starfsfólks hótela í kjarasamningi SA og Eflingar.

Starfsfólkið kvaðst hafa verið ráðið í gestamóttöku og hafa haft það að aðalstarfi en einnig borið skylda til að þrifa í kringum gestamóttökuna. Þá aðstoðuðu þau einnig við hlaðborð í morgunmat, hádegismat og kvöldmat á veitingahúsi hótelsins þegar kostur var á en störf á veitingahúsum heyra undir kjarasamninga SA og Eflingar. Óumdeilt var að starfsfólkið starfaði ekki í herbergisþrifum, starfi sem heyrir undir kjarasamning SA og Eflingar.

Þar sem hótelið var lítið, alls 18 herbergi, bar atvinnurekandi fyrir sig að starfsfólk gengi í hin ýmsu störf og væru því almennt hótelsstarfsfólk og skyldu sem slík taka kjörum samkvæmt kjarasamningum Eflingar. Þá bar hann einnig fyrir sig tómlæti starfsfólksins þar sem það hafði ekki mótmælt kjörum sínum á meðan það var í starfi.

Enginn ráðningarsamningur hafði verið gerður við starfsfólkið og var þar af leiðandi engin starfslýsing til staðar og hafði atvinnurekandi ekki uppfyllt skyldu sína samkvæmt kjarasamningi að staðfesta starfslýsingu og kjör með skriflegum hætti í ráðningarsamningi.

Niðurstaða dómsins var sú að þar sem atvinnurekandinn hafði ekki útbúið skriflegan ráðningarsamning var hann látinn bera hallann af því. Jafnframt leit dómurinn til þess að atvinnurekandi útbjó vinnustaðaskírteini fyrir starfsfólkið þar sem fram kom að starfsfólk starfaði sem „receptionist“ (starfskraftur í móttöku). Þrátt fyrir að starfsfólkið gengi í störf er tilheyra kjarasamningi Eflingar taldi dómurinn að aðalstarf starfsfólksins væri í gestamóttöku og ættu þar af leiðandi að taka kjörum m.v. starf í gestamóttöku sbr. gr. 1.4. í kjarasamningi VR:

„Gegni starfsmaður mismunandi launuðum störfum hjá sama fyrirtæki, skal hann taka laun miðað við hærra launaða starfið, nema hann taki eitthvert starf að sér sem aukastarf.“

Þá hafnaði dómurinn kröfu fyrirtækisins í málinu um að krafan væri niður fallin vegna tómlætis þar sem um væri að ræða lágmarkskjör skv. gildandi lögum og kjarasamningi. Var atvinnurekandi því dæmdur til að greiða leiðréttingu til þessa þriggja starfskrafta um mismun launa almenns starfsfólks skv. kjarasamningi Eflingar og starfsfólks í gestamóttöku skv. kjarasamningi VR ásamt óuppgerðu vetrarfríi og uppbotum.

Varðandi tekjur árið 2023 vísast til reikninga aftast í ársskýrslunni. Greiddar bætur sundurliðast þannig:

STYRKVEITINGAR ÚR SJÚKRASJÓÐI VR

	2023		2022	
	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð
Sjúkradagpeningar	1.571	2.310.283.449	1.425	1.921.777.630
Dánarbætur	119	53.624.872	140	57.056.639
Örorkubætur	15	48.503.310	19	37.355.850
Aðrir styrkir til sjóðfélaga	134	25.061.074	126	22.873.297
Bætur og styrkir til félagsfólks samtals*	1.839	2.437.472.705	1.710	2.039.063.416

* Fjöldi einstaklinga, ekki samtala bótaflokka.

SJÚKRADAGPENINGAR 2022 OG 2023

Greiðslur sjúkradagpeninga til félaga í VR hækkuðu á milli árana 2023 og 2022. Þetta er í annað skiptið í röð sem að greiðslur hækka á milli ára og snýr við ákveðinni þróun sem átti sér stað í heimsfaraldur Covid-19 þegar greiðsla sjúkradagpeninga lækkaði.

Greiðslur sjúkradagpeninga á árinu 2023 námu alls kr. 2.438.472.449 sem er um 20% hærra upphæð en árið 2022. Þegar tekið er tillit til launabróunar og fjölgunar í félaginu á milli ára nemur hækkinin hins vegar aðeins um 8%. Stærsti einstaki sjúkdómaflokkurinn er sem fyrr geðraskanir með 38% af heildarupphæð sjúkradagpeninga árið 2023 sem er herra en árið áður.

Hlutfall sjúkradagpeninga af iðgjöldum sjóðsins var 79% árið 2023 og hafði hækkað um 3% á árinu. Þetta hlutfall hafði áður lækkað þrjú ár í röð en náði hámarki árið 2019 og var þá 91,9%. Þá fjölgaði félögum VR sem fá greidda sjúkradagpeninga um 10% á milli ára og voru alls 1.571.

BREYTING Á REGLUGERÐ SJÚKRASJÓÐS VR

Á aðalfundi VR 28. mars 2022 var samþykkt tillaga um breytingu á reglugerð Sjúkrasjóðs VR sem fól í sér að 12. gr. um slysabætur var felld út í heild sinni. Greinin fjallaði um greiðslu slysabóta vegna varanlegrar örorku félagsfólks vegna slyss í frítíma. Í greinargerð með tillögunni var bent á að Sjúkrasjóður VR væri eini sjúkrasjóður stéttarfélags sem greiddi slíkar bætur, flestir sem fengju slysabætur væru þegar tryggðir. Með því að fella niður greiðslu slysabóta myndist svigrúm til að hækka aðrar bætur sjóðsins. Við niðurfellingu var miðað við slysadag. Reglugerð Sjúkrasjóðs VR er birt í heild sinni á vefsíðu félagsins, vr.is.


FRAMKVÆMDASTJÓRN SJÚKRASJÓÐS VR STARFSÁRIÐ 2023 – 2024

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Þórir Hilmarsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir og Vala Ólöf Kristinsdóttir.

Til vara: Tómas Gabríel Benjamín.

SKIPTING SJÚKRADAGPENINGA EFTIR SJÚKDÓMAFLOKKUM 2023

- Geðraskanir
- Aðrir sjúkdómar
- Stoðkerfi
- Kviðarhol og meltingarfæri
- Krabbamein
- Hjarta- og æðasjúkdómar



Á árslok 2023 voru 86 orlofshús og -íbúðir í eigu VR. Félagið tók á leigu 15 orlofshús og eitt hótélherbergi á árinu. Útleigunætur á árinu 2023 voru 22.239 samanborið við 20.491 árið 2022, en nýting húsa jókst úr 68,3% í 69,1% milli ára. Nýting orlofshúsanna yfir vetrarmánuðina hefur verið nokkuð góð einkum þar sem heitir pottar eru og á Akureyri og í Reykjavík.

UM ORLOFSHÚSIN

VR keypti eitt nýtt orlofshús í árslok 2023 í Hraunborgum í Grímsnesi. Einnig var unnið að viðbyggingu á stóru orlofshúsi í Hvalfirði sem er stærra en önnur orlofshús félagsins og mun það geta hýst allt að 18 gesti eftir að búið er að stækka húsið. Húsin bæði fara í útleigu á fyrstu mánuðum ársins 2024. Endurbyggður var dæluskúr við tank félagsins í Miðhúsaskógi ásamt því að ganga frá umhverfi í kringum hann. Auk þess greiddi félagið hlutdeild í nýrri þjónustubyggingu á Einarstöðum ásamt því að endurbyggja eitt hús sem komið var til ára sinna. Orlofssjóður keypti síðan rafbíl til afnota fyrir Miðhúsaskóg.

Á Einarstöðum urðu skemmdir á einu húsi vegna rakas og músagangs. Endurnýja þurfti gólf og skipta um klæðningar á veggjum en það verk kláraðist á árinu. Er þetta annað húsið sem skemmist með þessum hætti hjá félaginu á tveimur árum.

Á árinu lánaði félagið frá nóvember 2023 til janúar 2024 18 af húsum félagsins til afnota fyrir Grindvíkinga eftir rýmingu Grindavíkur í nóvember eftir miklar jarðhræringar í bæjarfélaginu.

AFSLÁTTARMÍÐAR OG KORT, SAMSTARF VIÐ FERÐAÞJÓNUSTUAÐILA

VR bauð félagsfólki sínu afslátt í flug með Icelandair á árinu 2023 eins og áður hefur verið gert. Seld voru 13.689 bréf á árinu samanborið við 9.450 bréf árið 2022, en sala bréfa hafði dregist verulega saman á árunum 2020 og 2021 vegna Covid-19 faraldursins. Salan er þá kominn aftur á svipaðar slóðir á árinu 2023 eins og fyrir Covid.

Á árinu 2023 voru seld 71 gjafakort í pakkaferðir á vegum Úrval Útsýn. Þá selur VR félagsfólki sínu veiði- og útilegukort og voru 431 veiðikort seld og 354 útilegukort sem er svipuð sala og verið hefur.

Sumarið 2023 bauð VR félagsfólki niðurgreiðslu á ferðavögnum og nýttu alls níu einstaklingar það á árinu.

FRAMKVÆMDASTJÓRN ORLOFSSJÓÐS VR STARFSÁRIÐ 2022 – 2023

Sigurður Sigfússon gegnir formennsku, Vala Ólög Kristinsdóttir, Jennifer Schröder, Sigrún Guðmundsdóttir og Þórir Hilmarsson.

Til vara: Selma Björk Grétarsdóttir, Ævar Þór Magnússon, Harpa Sævarsdóttir og Benedikt Vilhjálmsson.

NÝTING ORLOFSHÚSA 2023

	Fjöldi húsa	Fjöldi gistinguáttanna 2023	Nýting 2023	Nýting 2022
Akureyri	19	5.376	77,7%	71,7%
Miðhúsaskógur	26	5.613	59,3%	58,4%
Einarstaðir	3	664	60,8%	62,6%
Húsafell	6	1.464	67,0%	63,9%
Flúðir	5	1.382	75,9%	77,0%
Reykjavík	3	882	80,8%	84,4%
Ölfusborgir	4	1.026	70,5%	72,4%
Fljótshlíð	2	505	69,4%	61,1%
Grímsnes	5	1.095	75,2%	67,7%
Svignaskarð	3	771	70,6%	74,3%
Hvalfjörður	3	499	68,5%	61,0%
Önnur VR hús	6	1.551	66,3%	61,0%
Leiguhús - nýtt	2	442	60,7%	
Leiguhús (sumar)	13	969	99,8%	86,1%
	100	22.239	69,1%	66,8%

Á árinu 2023 voru greiddar rúmlega 720 milljónir króna í starfsmenntastyrki til félagsfólks VR úr starfsmenntasjóðum sem félagið er aðili að samanborið við rúmlega 685 milljónir króna árið áður. Aukning milli ára er 5,8%.

Umsóknir félagsfólks VR um styrk í starfsmenntasjóði VR árið 2023 voru alls 9.718 en voru 9.686 árið áður. Á árinu 2023 fengu 756 félagar greiddan uppsafnaðan þriggja ára styrk en voru 634 árið 2022.

STARFSMENNTANEFND VR

Starfsmenntanefnd VR hefur verið starfrækt frá árinu 2013. Ný menntastefna VR til tveggja ára var samþykkt af stjórn 2023 og gildir hún til ársins 2025. Helstu áherslupættir nýrrar menntastefnu snúa að aukinni hæfni félagsfólks, samvinnu innan skólasamfélagsins í heild sinni, markvissri upplýsingagjöf til félagsfólks varðandi leiðir til hæfniaukningar, aukinni áherslu á starfsþróunarráðgjöf og möguleikum á raunfærnimati í verslunar- og skrifstofugreinum. Meðal annarra verkefna starfsmenntanefndarinnar eru VR-Skóli lífsins, Stafræna hæfnihjólíð, aðkoma að Fagnámi verslunar og þjónustu í Verzlunarskóla Íslands og tímamótasamstarfssamningur VR/LÍV og SVP um aukna hæfni félagsfólks í verslun og þjónustu.

Samstarfssamningur VR og Samtaka verslunar og þjónustu, um að vinna markvisst að hæfniaukningu starfsfólks í verslun og þjónustu til ársins 2030, var undirritaður á vordögum 2023 af þeim Ragnari Þór Ingólfssyni, formanni VR og LÍV, og Jóni Ólafi Halldórssyni, formanni Samtaka verslunar og þjónustu (SVP). Samningurinn felur í sér þrjú meginmarkmið. Í fyrsta lagi er stefnt að því, fram til ársins 2030, að 80% af starfsfólki fyrirtækja í verslun og þjónustu sæki nám með reglulegri sí- og endurmenntun til að auka hæfni sína og þekkingu. Í öðru lagi verði sérstök áhersla lögð á að auka þekkingu og hæfni þess stóra hóps starfsfólks í verslunar- og þjónustufyrirtækjum sem hefur íslensku sem annað tungumál. Markmiðið er að 80% þessa hóps búi árið 2030 yfir hæfni B1 í íslensku samkvæmt viðmiðum Evrópska tungumálarammans (European Language Portfolio). Í þriðja lagi að verslunar- og þjónustugreinin þrói og skilgreini aðferð sem leiði af sér viðurkenningu/vottun á gefnum markmiðum samningsins.


Í kjölfar undirritunar samstarfssamningsins var settur á laggirnar samstarfshópur á vegum VR/LÍV og SVP til að framfylgja samningnum og vinna að aðgerðaráætlun hópsins. Fyrstu aðgerðir hópsins voru að vinna að stöðukönnun meðal félagsfólks og stjórnenda sem gerð var á haustdögum 2023. Í könnuninni var spurt um aðgengi,

viðhorf og þátttöku til hæfniaukningar á vinnumarkaði og verður slík könnun send út reglulega á tímabilinu fram til 2030. Niðurstöður haustkönnunarinnar leiddu í ljós að við erum talsvert frá fyrsta markmiði samningsins nú í upphafi tímabilsins. Hlutfall starfsfólks sem stundar sí- og endurmenntun stendur í 52% og meðalföldi á ársgrundvelli eru 18 klukkustundir. Niðurstöðurnar sýna jafnframt fram á mögulegar leiðir til árangurs. Hæst ber að nefna mikilvægi þess að fyrirtæki setji sér stefnu um sí- og endurmenntunarmál starfsfólks. Einnig mikilvægi þess að allt starfsfólk sé hvatt til þátttöku, ekki eingöngu valdir hópar innan fyrirtækja. Þessi tvö höfuðmarkmið hafa svo enn meiri áhrif á þátttöku fólks til frekari íslenskunáms og sýndu niðurstöður að mikill meirihluti starfsfólks og stjórnenda telja það mikilvægt að tileinka sér íslensku í starfi. Ein helsta áskorunin hvað það varðar er hversu margir starfa eingöngu með öðrum erlendum aðilum og tækifæri til samskipta á íslensku því af skornum skammti.

Samstarfshópurinn mun áfram kynna félagsfólki og stjórnendum sameiginlega mikilvægustu hæfniþætti komandi ára samkvæmt niðurstöðum World Economic Forum, Future of Jobs Report 2023 á miðlum félaganna. Hópurinn vinnur jafnframt markvisst að því að upplýsa félagana um aðgengi og fjölbreyttar leiðir við að ná tókum á íslenski tungu.

Starfsþróunarráðgjöf fyrir félagsfólk VR í samstarfi við náms- og starfsráðgjafa Mímis er eitt af áhersluverkefnum starfsmenntanefndar VR starfsárið 2023. Þetta er þriðja árið sem VR býður félagsfólki sínu upp á slíka þjónustu og nýttu alls 35 einstaklingar sér þessa rafrænu þjónustu sér að kostnaðarlausu. Helstu þættir starfsþróunarráðgjafarinnar eru að veita stuðning og upplýsingar um mögulegar leiðir til frekari starfsþróunar og aðstoða við uppfærslu á ferilskrám.

FJÖLDI VR FÉLAGA SEM FÉKK FRÆÐSLUSTYRK



Stafræna hæfnihjólíð er öllum landsmönnum aðgengilegt á vef VR þar sem fólk getur tekið sjálfsmatspróf og kortlagt þar með eigin stafræna hæfni og rýnt í þá þætti sem lagt er til að leggja áherslu á miðað við niðurstöður sjálfsmatsprófsins. Prófið er hægt að taka á 10 tungumálum. Mörg þúsund landsmanna hafa tekið þetta sjálfsmatspróf sér að kostnaðarlausu og á árinu 2023 bættust tæplega 900 við hópinn, eða rúmlega 70 einstaklingar í hverjum mánuði.

Fagnám verslunar og þjónustu hófst árið 2020 í samstarfi VR, Verzlunarskóla Íslands, Samtaka verslunar og þjónustu, Mímis símenntunar og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Námið er 90 eininga nám á framhaldsskólastigi og er blanda af fjarnámi hjá Verzlunarskóla Íslands og vinnustaðanámi sem fer fram inni í fyrirtækjunum. Vinnustaður viðkomandi gerist aðili að verkefninu með því að skilgreina 15 eininga vinnustaðanámi sem er sérhæft viðkomandi vinnustað. Undanfarin ár hafa nýir vinnustaðir bæst í hóp fyrirtækja og eru fyrirtækin orðin 11. Raunfærnimat er í boði fyrir umsækjendur sem búið er að samþykkja til þátttöku í námið. Frá upphafi hafa 112 nemendur innritast í námið, 67 af þeim voru virkir í náminu í lok árs 2023 og 19 hafa útskrifast með fagbréf. Sumir nemendanna halda áfram og ljúka stúdentsprófi samhliða fagnáminu og hafa 5 lokið stúdentsprófi.

Stafræn viðskiptalína hjá Verzlunarskóla Íslands er námsbraut til stúdentsprófs þar sem nemendum gefst kostur á starfsnámi á lokaári sínu í samstarfi við fyrirtæki. Fyrsti árgangur fór af stað haustið 2019 og útskrifaðist vorið 2022, alls 25 nemendur. Einn bekkur er í gangi á hverju aldursári eða þrjú í senn. Mikil ánægja er með Stafrænu viðskiptalínuna sem talin er góð viðbót við viðskiptabrautir innan Verzlunarskóla Íslands.

DIPLÓMANÁM Í VIÐSKIPTAFRÆÐI OG VERSLUNARSTJÓRNUN

Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun er samstarfsverkefni Háskólans á Bifröst og Háskólans í Reykjavík með aðkomu fulltrúa Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og Samtaka verslunar og þjónustu. Námið er fyrsta fagháskólanámið sem þróað er á Íslandi þar sem einingar eru tryggðar í áframhaldandi nám í viðskiptafræði til BS gráðu við Háskólann á Bifröst.

20 einstaklingar hafa lokið diplómanáminu frá upphafi og eru 11 nemendur virkir í náminu í dag. Háskólinn á Bifröst býður frá hausti 2022 upp á BS nám í viðskiptafræði með áherslu á verslunarstjórnun og eru þrjú nemendur virkir í lok árs 2023.

STARFSGREINARÁÐ

Starfsgreinaráð eru vistuð undir hatti Menntamálastofnunar og eru hvert á sínu sviði, ráðherra til ráðgjafar um starfsnám á framhaldsskólastigi. Hlutverk þeirra er m.a. að gera tillögur um almenn markmið náms tengt starfsgreinum ráðsins, skilgreina þarfir fyrir kunnáttu og hæfni og gera tillögur um lokamarkmið náms. Alþýðusamband Íslands tilnefnir fulltrúa í öll starfsgreinaráðin og á VR fulltrúa í tveimur þeirra, annars vegar í Starfsgreinaráði matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreina og hins vegar í Starfsgreinaráði skrifstofu- og verslunargreina.

Helstu verkefni ráðanna tengjast áframhaldandi þróun og vinnu við rafræna ferillbók og endurskoðun á hæfnikröfum þeirra greina sem falla undir ráðið.

LYKILTÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGUM STARFS-MENNTASJÓÐS VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS OG STARFSMENNTASJÓÐS VERSLUNARINNAR

Tekjur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks árið 2023 voru 1.055,7 m. kr. og gjöld 961,8 m. kr. Eigið fé sjóðsins var 1.034,6 m. kr. í lok árs 2023.

Tekjur Starfsmenntasjóðs verslunarinnar árið 2023 voru 33,72 m. kr. og gjöld 33,68 m. kr. Eigið fé sjóðsins var 207,7 m. kr. króna í lok árs 2023.

STJÓRNIR STARFSMENNTASJÓÐA STARFSÁRIÐ 2023 - 2024

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks

Eiður Stefánsson (LÍV) stjórnarformaður til október 2023, Huguína Elvarsdóttir (SA), Ragna Vala Kjartansdóttir (SA) stjórnarformaður frá október 2023, Sigurður Sigfússon (VR) til maí 2023, Ólafur Reimar Gunnarsson frá maí 2023, Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir (VR), Björg Ársælsdóttir (SA).

Varamenn: Gils Einarsson (LÍV), Jónas Yngvi Ásgrímsson (VR), Heiðrún Björk Gísladóttir (SA) og Maj-Britt Hjördís Briem (SA).

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunarinnar

Steinunn Böðvarsdóttir stjórnarformaður, Bjarndís Lárusdóttir (FA), Selma Kristjánsdóttir (VR/LÍV) og Anna Kristín Kristjánsdóttir (FA).

VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR


VIRK starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun sem var stofnuð árið 2008 og byggir á samkomulagi í kjarasamningum um nýtt fyrirkomulag í starfsendurhæfingu. Árið 2012 bættust lífeyrissjóðir í hópinn og árið 2015 var samið um aðkomu ríkisvaldsins.

Um VIRK gilda lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012. Nú starfa níu starfsendurhæfingarráðgjafar á vegum VIRK hjá VR og annast þeir þjónustu við félagsfólk sem veikist eða slasast þannig að vinnugeta þess skerðist. Markmiðið er að stuðla að því að hver einstaklingur verði svo virkur á vinnumarkaði sem vinnugeta hans leyfir.


HVATNING OG STUÐNINGUR

Ráðgjafar VIRK styðja og hvetja einstaklinga til aukinnar þátttöku á vinnumarkaði í samráði við teymi sérfræðinga og þjófða fjölda úrræða á borð við sjúkraþjálfun, sálfræðiviðtöl, sjálfsstyrkjandi námskeið, heilsurækt með faglegum stuðningi og starfsendurhæfingarstöðvar. Þeir starfa í samstarfi við lækna, aðra fagaðila og stofnanir eftir þörfum. Á árinu 2023 voru 431 einstaklingar nýskráðir hjá ráðgjöfum VIRK hjá VR og 284 voru útskrifaðir.

FRAMFÆRSLUSTAÐA FÉLAGSFÓLKS VR Í LOK ÞJÓNUSTU VIRK 2023



FJÖLDI VR FÉLAGA Í ÞJÓNUSTU HJÁ VIRK



ÁLYKTUN STJÓRNAR VR Á ÞINGI ASÍ

Stjórn VR gaf út ályktun á 45. þingi ASÍ þann 28. apríl 2023 um efnahags- og kjaramál þar sem þungum áhyggjum var lýst af stöðunni og aðgerðarleysi ríkisstjórnarinnar. Ályktunin var samþykkt á þinginu en í henni var meðal annars fjallað um ítrekaðar stýrivaxtahækkanir Seðlabanka Íslands og hækkandi húsnæðiskostnað vinnandi fólks.

YFIRLÝSING STJÓRNAR VR VEGNA VERKFAHLLS- AÐGERÐA BSRB

Stjórn VR gaf út yfirlýsingu þann 15. maí 2023 þar sem hún lýsti yfir fullum stuðningi við verkfallsaðgerðir BSRB. Félagsfólk aðildarféлага BSRB krafðist jafnréttis á vinnumarkaði, sömu launa og annað launafólk fyrir sama eða sambærilegt starf, og lýsti VR yfir stuðningi við þær aðgerðir sem BSRB taldi nauðsynlegar til að knýja það fram.

ÁLYKTUN STJÓRNAR VR VEGNA BREYTINGA Í LEIKSKÓLAMÁLUM Í KÓPAVOGI

Stjórn VR gaf út ályktun þann 22. ágúst 2023 vegna breytingar á leikskólamáli Kópavogsbæjar sem fólust meðal annars í því að hækka leikskólagjöld verulega fyrir vistun barna umfram sex tíma á dag. Stjórn VR gagnrýndi þessar breytingar harðlega og lýsti því yfir að þær myndu hafa í för með sér skerðingar á kjörum launafólks og bakslag í jafnréttisbaráttu, enda skemmri vistun til þess fallin að koma í veg fyrir virka þátttöku foreldra ungra barna í atvinnulífni og þá einkum kvenna.

YFIRLÝSING STJÓRNAR VR VEGNA EINKA- VÆÐINGAR ÍSLANDBANKA

Stjórn VR birti yfirlýsingu þann 29. júní 2023 vegna sölumeðferðar stjórnvalda á hlut sínum í Íslandsbanka. VR lýsti því yfir að ferlið væri áfelligsdómur yfir Íslandsbanka og öllum sem komu að sölu hlutarins. VR skoraði á stjórnvöld að falla frá frekari áformum um sölu á eignarhlut í bankanum.



Jafnframt kom fram að VR myndi slíta viðskiptasambandi sínu við Íslandsbanka ef stjórn bankans myndi ekki axla ábyrgð á málinu. Í kjölfar þessarar yfirlýsingar funduðu fulltrúar VR með nýjum stjórnendum Íslandsbanka. Á fundi sínum þann 16. ágúst 2023 var tillaga um að slíta viðskiptum við Íslandsbanka samþykkt af stjórn VR og í kjölfarið færði félagið viðskipti sín til Landsbankans.

YFIRLÝSING STJÓRNAR VR VEGNA ÁRÁSA GEGN ALMENNUM BORGURUM

Stjórn VR birti yfirlýsingu þann 11. nóvember 2023 þar sem hún gagnrýndi ákvörðun íslenskra stjórnvalda um að sitja hjá í atkvæðagreiðslu allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um vopnahlé í Ísrael og Palestínu. Þá fordæmdi VR árásir gegn almennum borgurum og kallaði eftir tafarlausu vopnahléi á svæðinu.

FUNDIR STARFSÁRIÐ 2022 – 2023

Stjórn VR fundaði fimmtán sinnum á starfsárinu og hélt auk þess tvo vinnufundi. Þá fundaði samninganefnd VR mjög reglulega þegar kjaraviðræður stóðu yfir.

Trúnaðarráð VR fundaði fimm sinnum á starfsárinu.

Haldnir voru tveir **félagsfundir** á starfsárinu. Sá fyrri var í september 2023 þar sem fulltrúar VR voru kosnir til setu á 33. Sambandsþingi LÍV. Sá síðari var í mars árið 2024 þegar kjarasamningar voru kynntir.

Aðalfundur var haldinn þann 29. mars 2023, í samræmi við 23. gr. laga félagsins sem kveður á um að fundinn skuli halda fyrir lok apríl ár hvert. Lýst var kjöri stjórnar, formanns og trúnaðarráðs.

Ársfundur deildar VR á Austurlandi fyrir árið 2023 var haldinn 31. maí það ár. Kristín María Björnsdóttir er formaður deildarinnar en hún var kosin á ársfundi 2022 til tveggja ára. Á fundinum var Ellen Rós Baldvinsdóttir kosin í stjórn til tveggja ára, frá 2023-2025. Til vara voru kosin Magda Kinga Król-Wróbelwska, til eins árs, og Ragnhildur Guðrún Sveinsdóttir, til tveggja ára. Fyrir í stjórn sat Gunnar Heiðberg, kosinn í aðalstjórn til tveggja ára á ársfundi 2022, og Stefán Bjarnar Guðmundsson, kosinn í varastjórn til tveggja ára á ársfundi 2022.

Ársfundur deildar VR á Suðurlandi fyrir árið 2023 var haldinn 31. maí það ár. Á fundinum var Kolbrún Júlía Erlendsdóttir kosin formaður til tveggja ára, frá 2023-2025. Aðrir stjórnarmenn eru Anna Jónsdóttir, Ásta Björk Ólafsdóttir og Jónas Yngvi Ásgrímsson. Varamenn stjórnar eru Haraldur Pálsson og Baldvin Nielsen.

Ársfundur deildar VR í Vestmannaeyjum var ekki haldinn árið 2023. Formaður deildarinnar er Þórhildur Ragna

Karlsdóttir. Aðrir stjórnarmenn eru Ragna Steina Snæfells Lárusdóttir og Jósef Agnar Róbertsson. Varamenn stjórnar eru Birgitta Karen Guðjónsdóttir, Guðný Hrefna Einarsdóttir og Jón Örvar Van der Linden.

Framhaldsþing Alþýðusambands Íslands var haldið þann 27. – 28. apríl 2023 á Grand Hótel í Reykjavík en 45. þingi ASÍ var frestað í október 2022. Á þinginu átti 91 félagi VR seturétt en alls 101 frá öllum aðildarfélögum Landssambands ísl. verzlunarmanna, LÍV. Á þinginu voru samþykktar ályktanir um lífeyrismál, húsnæðismál og velferð, efnahag, kjör og skatta, framtíð vinnumarkaðarins, jafnrétti og menntun auk kjaramála og vinnumarkað. Kosin var ný forysta, Finnbjörn A. Hermannsson var kjörinn forseti ASÍ og Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, var kjörinn 1. varaforseti.

33. þing Landssambands íslenskra verzlunarmanna var sett á Hótel Selfossi 19. október 2023 og stóð til föstudagsins 20. október. Ragnar Þór Ingólfsson var endurkjörinn formaður LÍV fyrir kjörtímabilið 2023-2025 og ný stjórn kosin. Í aðalstjórn voru eftirfarandi kosin til tveggja ára; Eiður Stefánsson fyrir hönd FSVA, Hjörtur Geirmundsson fyrir hönd verslunarmannafélags Skagafjarðar, Kristín María Björnsdóttir fyrir hönd VR, Anna Halldórsdóttir fyrir hönd stéttarfélags Vesturlands og Ólafur Reimar Gunnarsson fyrir hönd VR. Sjálfkjörin í varastjórn til tveggja ára voru þau Bjarni Þór Sigurðsson fyrir hönd VR, Hulda Björnsdóttir fyrir hönd FVSA, Jónas Yngvi Ásgrímsson fyrir hönd VR, Elva Héðinsdóttir fyrir hönd Framsýnar stéttarfélags, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir fyrir hönd VR, Margrét J. Birkisdóttir fyrir hönd Verkalýðsfélags Vestfjarða, og Jac Norðquist fyrir hönd VR. Þingið tók fyrir helstu kröfur á stjórnvöld í tengslum við kjaraviðræður og samþykkti ályktun um réttlát umskipti.

NEFNDIR OG STJÓRNIR

Í **uppstillingarnefnd 2022 - 2024** sitja Ragnar Þór Ingólfsson sem jafnframt gegnir formennsku, Helga Bryndís Jónsdóttir, Magnús Þorsteinsson, Sigrún Guðmundsdóttir og Stefán Viðar Egilsson. Varamenn eru Ágústa Harðardóttir, Þórður Mar Sigurðsson, Benedikt Ragnarsson og Anna Þórðardóttir Bachmann.

Í **launanefnd** VR sitja Bjarni Þór Sigurðsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir og Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um kjör formanns og framkvæmdastjóra félagsins.

Í **húsnæðisnefnd** VR sitja Bjarni Þór Sigurðsson sem gegnir formennsku, Halla Gunnarsdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Sigrún Guðmundsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson og Ævar Þór Magnússon. Til vara er Þórir Hilmarsson. Húsnæðisnefnd ber að móta skýra og heildræna stefnu

í húsnæðismálum með það að markmiði að bæta kjör félagsfólks.

Í **laganefnd** VR sitja Ólafur Reimar Gunnarsson, Selma Björk Grétarsdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, og Tómas Gabríel Benjamin. Til vara er Sigríður Lovísa Jónsdóttir. Hlutverk laganefndar er að yfirfara og koma með tillögur til breytinga á lögum VR. Auk þess skal nefndin stilla upp tillögum sem verða mega til þess að bæta og skýra betur starfsemi félagsins.

Í **framtiðarnefnd** VR sitja Þorvarður Bergmann Kjartansson sem gegnir formennsku, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Þórir Hilmarsson, Ævar Þór Magnússon, Bjarni Þór Sigurðsson, og Tómas Gabríel Benjamin. Hlutverk nefndarinnar er að móta og/eða endurskoða stefnu félagsins og viðbrögð þess við breytingum í samfélaginu hverju sinni.

Í **starfsmenntanefnd** VR sitja Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, og Sigrún Guðmundsdóttir. Til vara er Tómas Gabríel Benjamin. Hlutverk starfsmenntanefndar VR er að móta skýra stefnu og verkferla félagsins í starfsmenntamálum með það að markmiði að efla framgang starfsmenntunar félagsfólks.

Í **jafnréttis- og mannréttindanefnd** VR sitja Bjarni Þór Sigurðsson, Tómas Gabríel Benjamin, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Jennifer Schröder, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, og Þorvarður Bergmann Kjartansson. Til vara er Ólafur Reimar Gunnarsson. Hlutverk nefndarinnar er að móta og/eða endurskoða stefnu félagsins á sviði jafnréttis og mannréttinda á vinnumarkaði til að styrkja stöðu félagsfólks, án allrar aðgreiningar.

Í **kjaramálanefnd / nefnd um félagsaðild** VR sitja Halla Gunnarsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Jennifer Schröder, Ólafur Reimar Gunnarsson, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Ævar Þór Magnússon, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, og Tómas Gabríel Benjamin. Hlutverk nefndarinnar er að móta kröfugerð félagsins í kjarasamningaviðræðum.

Í **styrkjanefnd** VR sitja Tómas Gabríel Benjamin, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigurður Sigfússon, Þórir Hilmarsson, og Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir. Til vara er Bjarni Þór Sigurðsson. Markmið með styrkveitingum VR er að styðja við þá starfsemi sem eflir félagsfólk, bætir stöðu þess og er lyftistöng menningarmála í landinu.

Í **umhverfisnefnd** VR sitja Halla Gunnarsdóttir, Jennifer

Schröder, Þórir Hilmarsson, Þóvarður Bergmann Kjartansson og Sigrún Guðmundsdóttir. Til vara er Ólafur Reimar Gunnarsson. Hlutverk nefndarinnar er að vinna markmið og aðgerðaáætlun í samræmi við umhverfisstefnu VR.

Í **framkvæmdstjórn Vinnudeilusjóðs** sitja Bjarni Þór Sigurðsson, Halla Gunnarsdóttir og Sigríður Lovísa Jónsdóttir. Til vara er Selma Björk Grétarsdóttir. Hlutverk sjóðsins er að veita félagsfólki VR, sem missir atvinnutekjur vegna vinnustöðvunar eða verkanna, fjárhagsaðstoð.

Í **öldungaráði** VR sitja Gísli Jafetsson sem gegnir formennsku, Ragnar Þór Ingólfsson, Erla Halldórsdóttir, Benedikt Sigurðarson, Bjarni Þór Sigurðsson, Ólafur Reimar Gunnarsson, og Selma Björk Grétarsdóttir. Til vara eru Guðrún Jónsdóttir og Steinar Viktorsson. Öldungaráð er umræðu- og samráðsveitvangur eldri félaga í VR. Þrjú eru tilnefnd í ráðið af stjórn VR, þar með talið formaður félagsins, og þrjú til viðbótar eru kosin af Öldungadeild félagsins auk tveggja til vara. Kjörtímabil fulltrúa í ráðinu er til tveggja ára í senn. Í Öldungadeildinni eru allir fullgildir félagar 65 ára og eldri.

Í **uppstillingarnefnd VR um val á stjórnarmönnum félagsins í Lífeyrissjóð verzlunarmanna** sitja Ragnar Þór Ingólfsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, og Jónas Yngvi Ásgrímsson. Til vara eru Ólafur Reimar Gunnarsson og Jennifer Schröder. Stjórn félagsins skipar í uppstillingarnefndina. Hlutverk nefndarinnar er að auglýsa eftir áhugasömum til stjórnasetu í Lífeyrissjóðnum fyrir hönd VR og starfa með fagfólki um valið.

Í **ungliðaráði** VR sitja Alina Vilhjálmsdóttir, Árni Konráð Árnason, Birgitta Ragnarsdóttir, Halldóra Líf Edvinsdóttir, Mateusz Gabriel K. Róbertsson, og Þóvarður Bergmann Kjartansson. Ungliðaráð var stofnað á starfsárinu og er því ætlað að vera umræðu- og samráðsveitvangur ungs fólks



í félaginu. Ungliðaráð VR skal vera stjórn VR ráðgefandi um málefni sem tengjast ungu fólki á aldrinum 16-35 ára.

Í **fulltrúaráði VR fyrir Lífeyrissjóð verzlunarmanna** sitja allir fimmtán í aðalstjórn félagsins auk tíu annarra sem kosin eru af trúnaðarráði. Hlutverk fulltrúaráðsins er m.a. að staðfesta tilnefningar til stjórnar Lífeyrissjóðsins og hafa eftirlit og aðhald með störfum stjórnarinnar. Kosnið var í fulltrúaráð á fundi trúnaðarráðs félagsins á fundi þann 23. ágúst 2023. Kynjaskipting skal vera jöfn í fulltrúaráðinu og voru fimm karlar og fimm konur kjörin í ráðið. Þau eru: Áslaug Alexandersdóttir, Guðlaug Rúna Guðmundsdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Pálmey Gísladóttir, Þórunn Davíðsdóttir, Benedikt Ragnarsson, Björgvin Björgvinsson, Kristján Gísli Stefánsson, Stefán Viðar Egilsson, og Tómas Elí Guðmundsson

Þá á stjórn félagsins sæti í ráðinu en þau eru, auk formanns félagsins Ragnars Þórs Ingólfssonar, Selma Björk Grétarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Halla Gunnarsdóttir, Jennifer Schröder, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Þóvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, og Ævar Þór Magnússon.

Í **kjörstjórn VR** sitja Magnús Norðdahl frá Alþýðusambandi Íslands sem gegnir formennsku, Stefán Viðar Egilsson, sem tók við sæti Þórsteins Þórólfssonar snemma árs 2023, og Þóra Skúladóttir Öfjörð. Til vara er Silja Hlín Guðbjörnsdóttir. Varamaður Magnúsar er Halldór Oddsson. Hlutverk kjörstjórnar er að sjá um framkvæmd kosninga í félaginu samkvæmt reglugerð ASÍ. Stjórn VR samþykkti snemma árs 2023 að kjörtímabil fulltrúa félagsins í kjörstjórn væri tvö ár í stað eins árs eins og áður.

ERLEND SAMSKIPTI

Árleg ráðstefna stéttarféлага í verslun og þjónustu í höfuðborgum Norðurlanda 2023 var haldin í Reykjavík á starfsárinu, sjá nánari umfjöllun í kafla um útgáfu- og kynningarmál, neðar í þessari skýrslu.



KJÖR VEGNA FRAMBOÐA TIL TRÚNAÐARSTARFA

Þann 24. janúar 2024 auglýsti kjörstjórn VR eftir áhugasömum til að starfa fyrir félagið kjörtímabilið 2024 – 2026. Auglýst var eftir framboðum til sjö sæta í aðalstjórn VR til tveggja ára og þriggja til vara til eins árs sem og listaframboðum fyrir 41 sæti í trúnaðarráð. Framboðsfrestur var til kl. 12:00 á hádegi 5. febrúar 2024.

Alls bárust fjórtán einstaklingsframboð til stjórnar og úrskurðaði kjörstjórn öll löglega fram borin. Einn frambjóðandi dró framboð sitt til baka innan tilskilinna tímamarka.

Atkvæðagreiðsla meðal kosningabærs félagsfólks VR stóð frá 6. mars til 12:00 að hádegi þann 13. mars. Atkvæðagreiðslan var rafræn. Atkvæðu greiddu 3.496 en á kjörskrá voru 40.740 VR félagar. Kosningaþátttaka var því 8,58%.

Til stjórnar VR fengu eftirtalin kosningu til tveggja ára skv. fléttulista eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR:
Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Bjarni Þór Sigurðsson
Harpa Sævarsdóttir, Gabríel Benjamin, og Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir.

Þrjú varamenn í stjórn VR – til eins árs:

Arnþór Sigurðsson, Selma Björk Grétarsdóttir, og Þorvarður Bergmann Kjartansson.

Ekkert mótframboð barst gegn lista stjórnar og trúnaðarráðs VR í listakosningu í trúnaðarráð félagsins og telst hann því löglega kjörinn. Listi yfir kjörna fulltrúa í trúnaðarráði er birtur á vef félagsins.

STJÓRNARHÆTTIR

Starfsemi VR byggir á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 og lögum VR sem birt eru á vefsíðunni vr.is sem og reglugerðum og starfsreglum um sjóði félagsins. Stjórn VR starfar samkvæmt starfsreglum sem ætlað er að tryggja að starfshættir hennar séu í samræmi við almenna góða stjórnarhætti. Stjórn og starfsfólk VR starfa að auki samkvæmt siðareglum samþykktum af stjórn sem m.a. miða að auknu gagnsæi, ábyrgð og heiðarleika í allri hagsmunagæslu félagsins fyrir sína félagar. Í þjónustu og starfsemi félagsins leggur VR áherslu á gildi félagsins sem eru framsækni, fagmennska og forysta. Starfsreglur og siðareglur stjórnar félagsins eru birtar á vef VR, vr.is, sem og allar reglugerðir sjóða.

STEFNUR VR

Stjórn VR hefur samþykkt stefnur sem varða rekstur og starfsemi félagsins og hagsmunagæslu þess. Allar stefnur VR eru birtar á vef félagsins, vr.is.

STARFSEMI ÞJÓNUSTUSVIÐS 2023

Fulltrúar þjónustusviðs VR svara fyrirspurnum um alla helstu þjónustu félagsins, svo sem varasjóð, starfsmenntasjóðina, Sjúkrasjóð VR, orlofshús og kjaramál. Heildarfjöldi afgreiðslna í þjónustuveri VR í Reykjavík á árinu 2023 var 5.155 sem er 10% aukning frá árinu 2022. VR tók í notkun vefspjall á vef félagsins á starfsárinu og hafa móttökurnar verið góðar. Alls voru 5,115 mál afgreidd í gegnum nýja vefspjallið á árinu 2023 og því um góða viðbót við þjónustu félagsins að ræða.

Heildarfjöldi símtala til félagsins á árinu 2023 var 34.453 sem er rúmlega 8% fækkun frá árinu á undan þegar heildarfjöldinn var 37.571. Símtölum hefur fækkað jafnt og þétt á undanförunum árum í takt við aukna notkun á vefsvæði VR. Alls bárust 14.123 fyrirspurnir á netfangið vr@vr.is á árinu 2023 sem er 4% aukning frá 2022. Hafa verður í huga að á netfang kjaramálasviðs félagsins bárust 7.550 fyrirspurnir árið 2023. Heildarfjöldi tölvupósta til VR árið 2023 var því 21.673. Þjónustuver VR er starfrækt á skrifstofum félagsins í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Reykjanesbæ, á Akranesi, Egilsstöðum og Selfossi.

VR VARASJÓÐUR

VR varasjóður var stofnaður árið 2006 með það að markmiði að veita félögum í VR meiri sveigjanleika í að nota inneign sína í sjóðum félagsins og einfalda aðkomu að henni. Yfirleitt er lagt inn í sjóðinn eftir aðalfund ár hvert, sem alljafna er haldinn í mars. Framlag í sjóðinn var samþykkt á aðalfundi í mars 2023, rúmlega 906 m.kr. fyrir árið 2022, og lagt inn í hann að fundinum loknum. VR varasjóður er myndaður með fjármunum úr Sjúkrasjóði VR og Orlofssjóði.

Heildargreiðslur úr sjóðnum árið 2023 námu alls 766.241.770 kr. og fengu 17.303 einstaklingar greitt úr sjóðnum. Langstærstur hluti fór til forvarna eða rúmlega 320 m. kr. eða sem nemur 42% af heildargreiðslum úr sjóðnum á árinu. Árið 2022 námu greiðslur úr sjóðnum 726.905.111 kr. til 16.508 einstaklinga.

Alls áttu um 75 þúsund einstaklingar réttindi í VR varasjóði í lok árs 2021 og nam heildarupphæðin 2,1 ma.kr.

FÉLAGSMÁL

Félagsgjald

Á aðalfundi VR þann 29. mars 2023 var samþykkt tillaga stjórnar um óbreytt félagsgjald, 0,7% af heildarlaunum. Lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skal þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum afgreiðslufólks frá og með sama tíma.

Þá var einnig samþykkt að 0,65% félagsgjalds renni í félagssjóð en 0,05% í Vinnudeilusjóð.

Laun stjórnarmanna

Á aðalfundi VR þann 29. mars 2023 var samþykkt tillaga um að hækka stjórnarlaun úr 54.7689 kr. á mánuði í 74.993kr. á mánuði. Þá var samþykkt að varamenn fái sömu stjórnarlaun og aðalmenn í stjórn VR, fyrir hvern setinn stjórnarfund en þó aldrei meira sem nemur einum stjórnarlaunum. Í tillögunni var jafnframt lagt til að þau sem gegna formennsku í framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs og Orlofstjórn sem og varaformaður stjórnar VR fái 1,5 stjórnarlaun, eins og verið hefur. Jafnframt var lagt til að stjórnarmenn og varastjórnarmenn fái 6.294 kr. fyrir hvern setinn fund í nefndum VR.

Laun skoðunarmanna

Á aðalfundi 29. mars 2023 var samþykkt tillaga um að greiða félagslega kjörnum skoðunarmönnum kr. 74.993 kr á ári sem svarar til launum stjórnarmanns í einn mánuði.

Gullmerki

Tvö fengu afhent gullmerki VR á aðalfundi félagsins 29. mars 2023. Það voru systurnar Júnía og Málfríður Þorkelsdætur sem störfuðu samfelt um 20 áraskeið á skrifstofu VR á Akranesi frá því að Verslunarmannafélag Akraness sameinaðist VR árið 2002. Áður störfuðu þær í forystu félagsins á Akranesi en Júníu var formaður og Fríða starfsmaður þess allt frá árinu 1991 og fram að sameiningu við VR.

VR Blær

Á starfsárinu hélt VR áfram að vinna að uppbyggingu VR Blævar, nýs íbúðarfélags sem er systurfélag Bjargs. Fyrsta skóflastungan var tekin að 36 íbúðum í tveimur fjölbýlishúsum í ágúst 2023, sem verða leigðar til félagsfólks VR. Húsnæðisnefnd VR vann að úthlutunarreglum Blævar og stefnt er að því að opna fyrir skráningu á biðlista á vormánuðum 2024. Fyrstu íbúðirnar verða síðan afhentar í lok árs 2024 og byrjun árs 2025.

Mannfagnaðir

Um 600 eldri VR félagar sátu árlegt kaffisamsæti á Uppstigningardeggi 2023 en löng hefð er fyrir því að félagið heiðri eldri VR félagi sína á þessum degi.

VR bauð einnig til kaffisamsætis að lokinni kröfugöngu og útifundi í Reykjavík **1. maí**. Alls þáðu tæplega 1.000 manns veitingar í Laugardalshöll að þessu sinni. VR skipulagði fjölskylduhlaup á Klambatrúni í Reykjavík í tilefni af 1. maí og var það einstaklega vel sótt. Einnig tók VR þátt í hátíðarhöldum á félagssvæði VR utan höfuðborgarsvæðisins.

VR stóð fyrir **jólaballi** fyrir félagsfólk í desember 2023. Alls sóttu um 500 VR félagar og börn þeirra jólaballið.



Styrkveitingar 2023

VR veitti styrki að upphæð 16,4 m. kr. árið 2023 til ýmissa líknarsamtaka og stofnana. Þar af samþykkti stjórn að styrkja hjálpsamtök sem úthluta styrkjum til einstaklinga og fjölskyldna um 5,8 m. kr. jólin 2023.

Ungliðaráð VR stofnað

Stofnað var Ungliðaráð VR á starfsárinu er því ætlað að vera umræðu- og samráðsvettvangur ungs fólks í félaginu. Ungliðaráð VR skal vera stjórn VR ráðgefandi um málefni sem tengjast ungu fólki á aldrinum 16- 35 ára. Sjá nánar um ráðið á bls. 25

RANNSÓKNIR OG KANNANIR

Fyrirtæki ársins 2023

Fyrirtæki ársins 2023, samkvæmt niðurstöðum árlegrar könnunar VR, voru alls fimmtán eða þrjú í hverjum stærðarflokki. Sigurvegararnir í hópi stórra fyrirtækja með 70 eða fleiri starfandi voru NetApp, Nova, OK, Orkan og TK bílar. Í hópi millistórra fyrirtækja þar sem starfsfólk er frá 30 til 69 talsins eru vinningsfyrirtækin Dohop, Expectus, Reykjafell, Toyota, og Travel Connect. Í hópi lítilla fyrirtækja þar sem starfsfólk er færri en 30 eru vinningsfyrirtækin Farmers Market, Íslensk getspá, M7, Rekstrarfélag Kringlunnar, og Tryggja. Könnunin var gerð í febrúar og mars 2023 og voru niðurstöður birtar um miðjan maí. Í endanlegu úrtaki voru tæplega 38 þúsund einstaklingar, bæði félagsfólk VR og starfsfólk á almennum vinnumarkaði utan félagsins, og var svarhlutfall um 39%.

Launarannsókn 2023 og ný launaspá

Samkvæmt niðurstöðum launarannsóknar var miðgildi heildarlauna félaga í VR 768 þúsund krónur í febrúar 2023.

Miðgildi grunnlauna var 759 þúsund. Til samanburðar var miðgildi heildarlauna 703 þúsund krónur í febrúar 2022 en miðgildi grunnlauna 697 þúsund. Miðgildi heildarlauna hækkar því um 9,2% á milli ára en miðgildi grunnlauna um 8,9%. Launarannsókn í febrúar 2023 byggði á rúmlega 14.500 skráningum eða yfir þriðjung VR félaga í mánuðinum.

Á starfsárinu var síðan ný launareiknivél VR tekin í notkun sem er aðgengileg inn á Mínum síðum á vr.is. Reiknivélin byggir á spálíkani sem VR hefur smíðað og tekur fleiri forsendur til greina sem kunna að hafa áhrif á laun tiltekinnar starfa en eldri launarannsóknir. Þannig skerpir nýja launaspáin á þeirri þjónustu sem var áður fólgin í launarannsóknnum með því að veita nákvæmari upplýsingar um launabil fyrir ákveðin störf, út frá forsendum um starfsheiti, atvinnugrein, aldur, starfsaldur, menntun og upplýsingar um mannaforráð.

Aðrar kannanir

Á starfsárinu framkvæmdi VR könnun í tengslum við samstarfssamning VR og SVP um aukna hæfni og þekkingu starfsfólks í verslun og þjónustu. Könnunin er sú fyrsta í röð mælinga sem verða gerðar á næstu árum, eða fram til 2030, í þeim tilgangi að fylgjast með framvindu sí- og endurmenntunarmála m.t.t. markmiða samstarfssamnings. Sjá nánar um samstarfsverkefni VR og SVP í kafla um starfsmenntamál í þessari skýrslu.

Í september og október 2023 lét VR gera könnun meðal tæplega 30.000 VR félaga um upplifun þeirra af áreitni og ofbeldi í starfi. Niðurstöður voru sláandi en í ljós kom að 54% VR félaga hafa upplifað áreitni eða ofbeldi í starfi einhvern tímann á starfsferlinum en hlutfallið var mun hærra hjá kvenna á aldrinum 25-34 ára og hjá erlendum

félögum. Niðurstöður könnunarinnar voru nýttar í tengslum við herferð félagsins í tengslum við alþjóðlegan dag gegn ofbeldi í verslun, sem var haldinn þann 17. nóvember 2023, þar sem meðal annars var þrýst á stjórnvöld að fullgilda ILO-190 samþykkt Alþjóðlegu vinnuástandafundunarinnar sem á að tryggja launafólki betri vernd gegn ofbeldi á vinnustað.

ÚTGÁFU- OG KYNNINGARMÁL

VR blaðið kom út tvisvar á starfsárinu. Upplagið var um 17 þúsund eintök í hvort skipti. Aðaláhersla í fyrra tölublaði ársins voru kosningar í félaginu og í því seinna léku kjaramálin aðalhlutverkið.

VR hóf samstarf með Vilhelm Neto og Fjölni Gíslasyni til að vekja athygli á réttindum og skyldum ungs fólks á vinnumarkaði. Tekin voru upp myndbönd og birt á samfélagsmiðlunum TikTok og Instagram. Vöktu þau mikla athygli og merktu kjaramálafulltrúar félagsins aukningu í fyrirspurnum frá ungu félagsfólki eftir átakið.

VR opnaði ábendingahnapp á vef félagsins ár árinu þar sem félagsfólk getur sent nafnlausar ábendingar til félagsins leiki grunur á að brot séu framin á starfsfólki á vinnustað. Vinnustaðaeftirlit VR hefur umsjón með ábendingunum.

VR efndi til morgunverðarfundar þar sem fjallað var um stefnumótun leikskóla út frá mismunandi sjónarmiðum og með hliðsjón af hagsmunum foreldra, barna og atvinnulífsins. Tilefni fundarins var ákvarðanir nokkurra sveitarfélaga að hækka leikskólagjöld fyrir vistun umfram sex klukkustundir en ljóst var að áhrif þessa á vinnandi fólk yrðu veruleg.

Í tengslum við kjarasamningaviðræður í janúar 2024 fór félagið af stað með auglýsingaherferð undir yfirskriftinni „Nú er komið að okkur“. Félagfólk VR tók þátt í auglýsingunum og fór þar með staðreyndir úr veruleika íslensks launafólks. Megininntakið var að samstaða launafólks væri sterkasta vopnið og að saman gæti félagfólk knúið á um kjarabætur.

Höfuðborgarráðstefna stéttarfélaganna verslunarfólks Norðurlandanna var haldin á Íslandi í júní. Ráðstefnan er árleg og er haldin til skiptis á Norðurlöndunum. Fulltrúar stéttarfélaganna voru 25 talsins og þótti ráðstefnan hafa heppnast vel. Á ráðstefnunni var meðal annars rætt um kjarasamningagerð í skugga verðbólgu og rætt um síðustu kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Einnig var áhersla lögð á umræðu um starfsmenntamál launafólks í verslun og þjónustu í ljósi þeirra breytinga sem fjórða iðnbyltingin og tækniþróunin hefur í för með sér.

Notendur vefsíðu félagsins, vr.is, voru að meðaltali tæplega 40 þúsund á mánuði á starfsárinu m.v. talningu Google analytics vefmælingarkerfisins, sem eru heldur fleiri en

undanfarin ár en til samanburðar voru notendur 33 þúsund árið áður.

Notendaprófanir voru gerðar á vr.is og voru notendur almennt ánægðir með vefinn. Niðurstöðurnar verða nýttar til að bæta útlit og umsóknarferli á Mínum síðum sem tekið verður í notkun á nýju starfsári.

FYRIRLESTRAR, NÁMSKEIÐ OG FRÆÐSLA

VR bauð upp á **10 rafræna hádegisfyrirlestra** á starfsárinu sem yfir 2.000 horfðu á. Allir hádegisfyrirlestrar eru sendir út í streymi á fyrirfram auglýstum tíma og eru með enskum texta. Fyrirlestrararnir eru opnir öllum út útsendingardaginn á www.vr.is/streymi en eftir það fara þeir inn á Mínar síður og eru þar aðgengilegir félagsfólki í tiltekinn tíma undir „Viðburðir“.

Haldin voru **10 námskeið** á starfsárinu og sóttu þau alls **345** félagar. Námskeiðshald er í langflestum tilfellum með blönduðu (e.hybrid) fyrirkomulagi en þá er hægt að velja á milli þess að mæta á staðinn eða taka þátt rafrænt í gegnum Teams. Fyrirkomulagið hefur mælst vel fyrir og oft fleiri sem velja að mæta rafrænt en mæta á staðinn. Einnig voru haldin þrjú námskeið sem sérstaklega voru hugsuð fyrir launafulltrúa í fyrirtækjum sem greiða samkvæmt kjarasamningum VR. Námskeiðin voru haldin með blönduðu fyrirkomulagi og mættu **24** á stað og tók **41** þátt rafrænt.

Skattframtalsaðstoðin var einnig á sínum stað en hún er í boði tvo daga í mars ár hvert. Vorið 2024 var hún í boði á skrifstofu VR annan daginn en hinn daginn á Teams eða í gegnum síma. Hver tími var 15 mínútur og var í boði báða dagana frá kl. 8:30-16:00. Um **50** félagar nýttu sér aðstoðina og fékk aðstoðin góð meðmæli frá þeim sem nýttu sér hana.

Haldin voru **8 námskeið fyrir trúnaðarmenn** og sóttu þau **161** trúnaðarmaður. Vorið 2023 var boðið upp á sérstakar móttökur fyrir nýja trúnaðarmenn og eru þær haldnar nánast í hverjum mánuði. Þar er farið yfir það helsta varðandi trúnaðarmannshlutverkið og afhent gögn. Þetta hefur mælst vel fyrir og tengir trúnaðarmenn strax við tengilið þeirra hjá VR. Haldnar voru 9 móttökur á starfsárinu fyrir **65** nýja trúnaðarmenn.

Kynningar fyrir nemendur

VR hefur í yfir tvo áratugi staðið fyrir kynningum á réttindum og skyldum á vinnumarkaði í efsta bekk grunnskóla og í framhaldsskólum á félagssvæði sínu. Á starfsárinu var haldin **91** kynning fyrir **4.039** nemendur í grunn- og framhaldsskólum. Það sem af er á skólaárinu hafa **83%** grunnskóla á stórhöfuðborgarsvæðinu, Akranesi og nágrenni fengið kynningu, **44%** á Suðurlandi, **58%** á Austurlandi og **55%** á Suðurnesjum.

Engin vinnuslys voru skráð á skrifstofu félagsins á árinu 2023.

VR-Skóli lífsins

VR-Skóli lífsins er 10 ára árið 2024 og í tilefni þess er VR með afmælisleik. Þann 10. hvers mánaðar eru 10 heppnir nemendur dregnir út og hljóta 10.000 kr. gjafabréf hjá YAY. Netnámið er enn vel sótt og orðið fastur liður í mörgum framhaldsskólum. Einnig er könnun í gangi á afmælisárinu meðal þeirra nemenda sem fara í gegnum námið. Í lok starfsársins 2023 höfðu 540 nemendur svarað könnuninni og 91% þeirra telja að netnámið muni nýtast þeim vel eða mjög vel. 80% svarenda segjast myndu mæla með netnáminu við aðra. Á starfsári stjórnar 2023 - 2024 fóru **12** framhaldsskólar og **1.433** nemendur í gegnum netnámið. Alls hafa því nú **10.856** nemendur lokið við netnámskeiðið.

SKIPULAG SKRIFSTOFU VR

Skrifstofur VR eru í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Reykjanesbæ, á Akranesi, Selfossi og Egilsstöðum. Starfsemin skiptist í fimm svið sem eru fjármála- og rekstrarsvið, kjaramálasvið, mannauðssvið, þjónustusvið og þróunarsvið. Formaður ber ábyrgð á rekstri félagsins ásamt stjórn þess. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins.

VR fylgir skýrum stefnum um starfsemi skrifstofu félagsins. Í gæðahandbók félagsins eru m.a. birtar eftirfarandi stefnur sem varða störf starfsfólks, aðstöðu þeirra, réttindi, heilsu og öryggi og falla undir viðmið um samfélagsábyrgð (ESG, Environmental, Social, Governance): Starfsmannastefna, jafnréttisstefna skrifstofu, heilbrigðisstefna skrifstofu, innri upplýsingastefna, stefna um upplýsingaöryggi og stefna gegn einelti og kynferðislegri áreitni auk persónuverndaryfirlýsingar.

VR stækkar aðstöðu sína í Húsi verslunarinnar

VR lauk framkvæmdum á 9. hæð í Húsi verslunarinnar á árinu þar sem félagið hafði áður fest kaup á frekara skrifstofurými. Búið er að koma upp fundarsal þar sem hægt er að taka á móti félagsfólki með mun betra móti en áður.

Starfsfólk skrifstofu

Í byrjun mars 2024 var 71 starfandi hjá VR í tæplega 67 stöðugildum. Frá 1. mars 2023 til 29. febrúar 2024 hættu eftirtalin störfum hjá félaginu: Elva Hrönn Hjartardóttir og Kristlind Sörensen á þróunarsviði og Birgir Már Guðmundsson á kjaramálasviði. Auður Búadóttir á fjármála- og rekstrarsviði, Gils Einarsson á kjaramálasviði og Þórgímur Guðmundsson á þjónustusviði fóru á eftirlaun. Á sama tímabili hófu eftirtalin störf; á þjónustusviði, Árni Kristjánsson og Anna Karen Skúladóttir, á fjármála- og rekstrarsviði, Erna Vallborg Björgvinsdóttir og Hakon Snær Snorrason og á kjaramálasviði Jurgita Subonyte, Hreiðar Ævar Jakobsson og Konráð Garðar Guðlaugsson. Magdalena Mazur skipti um starf, fór af kjaramálasviði yfir á þróunarsvið þar sem hún sinnir nú samfélagsmiðlum og markaðsmálum.

Stefán Þórarinn Hermannsson og Una Margrét Reynisdóttir voru í sumarafleysingum og hlutastarfi samhliða námi. Sigurður Elías Halldórsson var í sumarafleysingum í Miðhúsaskógi og Óskar Már Óskarsson í helgarvinnu í Miðhúsaskógi og Sólrún Ástvaldsdóttir í tilfallandi verkefnavinnu á fjármála- og rekstrarsviði.

FÉLAGATAL

Ár	Konur	Karlar	Kynsegin	Samtals	Fullgild við áramót	Snertingar við félagið**
2012	17.022	12.452	-	29.474	25.185	39.062
2013	17.072	12.709	-	29.781	25.760	39.278
2014	17.353	13.020	-	30.373	26.045	40.090
2015	17.672	13.430	-	31.102	26.573	41.368
2016	18.481	14.332	-	32.813	27.893	43.641
2017	19.250	15.981	-	35.231	29.977	46.866
2018	19.952	16.075	-	36.029	30.867	47.506
2019	20.700	16.675	-	37.375	32.320	48.326
2020	19.877	16.625	-	36.502	31.941	45.894
2021	19.866	17.015	-	36.880	31.666	47.233
2022	20.721	18.083	79	38.883	33.100	50.315
2023	21.521	18.983	109	40.612	34.562	51.904

*Frá og með árinu 2022 heldur VR utan um fjölda kynsegin félagsfólks.

**Tölur yfir snertingar við félagið sýna fjölda einstaklinga sem greiðir félagsgjald a.m.k. einu sinni tiltekið ár.

Fastráðið starfsfólk á skrifstofu

1. mars 2024

Formaður

Ragnar Þór Ingólfsson

Framkvæmdastjóri

Stefán Sveinbjörnsson

Fjármála- og rekstrarsvið

Oddur Gunnar Jónsson
Björn H. Björnsson
Emil Gústafsson
Erling Rúnar Huldarsson
Erna Valborg Björgvinsdóttir
Gísli Lúðvík Kjartansson
Hakon Snær Snorrason
Heiða Jóna Hauksdóttir
Snorri Elís Halldórsson

Sonja Steinarsdóttir
Viktor E. Viktorsson

Kjaramálasvið

Bryndís Guðnadóttir
Aðalheiður Rán Þrastardóttir
Bryndís Kjartansdóttir
Hreiðar Ævar Jakobsson
Jakob Einarsson
Jurgita Subonyte
Kolbrún Júlía Erlendsdóttir
Konráð Valur Gíslason
Kristín María Björnsdóttir
Oddur Birnir Pétursson
Sandra Björk Jóhannsdóttir
Sigrún Svava Gísladóttir
Viktoría Jensdóttir
Þorsteinn S. Sveinsson

Mannauðssvið

Herdís Rán Magnúsdóttir
Birgir Georgsson
Ingibjörg Hrund Þráinsdóttir
Malgorzata Maria Madej

Forstöðumaður
Upplýsingatækni
Umsjón orlofseigna
Umsjón í Miðhúsaskógi
Bókhald
Umsjón orlofseigna
Aðstoð í Miðhúsaskógi
Reikningshald
Notendapjónusta og rekstur
tölvubúnaðar
Rekstur tölvukerfa
Upplýsingatækni

Forstöðumaður
Kjaramál
Kjaramál
Kjaramál og trúnaðarmenn
Kjaramál
Kjaramál
Kjaramál
Kjaramál og vinnustaðaeftirlit
Kjaramál
Kjaramál
Kjaramál
Kjaramál
Kjaramál
Kjaramál
Kjaramál
Kjaramál

Forstöðumaður
Eignaumsjón
Gæða- og skjalamál
Mötuneyti

Þjónustusvið

Þórarinn Þórsson
Anna Karen Skúladóttir
Árni Kristjánsson
Ásta Björk Ólafsdóttir
Ástríður Valbjörnsdóttir
Elín Matthildur Andrésdóttir
Erla Bryndís Ingadóttir
Erna Eyjólfsdóttir
Eymundur G. Hannesson
Heiða Björg Tómasdóttir
Hildur Guðjónsdóttir
Hjörtur Gunnar Jóhannesson
Katrín Magnúsdóttir
Katrín Sólveig Sigmarsdóttir
Ragna Steina Þorsteinsdóttir
Rannveig Rögnvaldsdóttir
Rósmarý Úlfarsdóttir
Salbjörg Björnsdóttir
Selma Ragnheiður Klemensdóttir
Sigrún Lína Sigurðardóttir
Sigrún Rós Elmers
Soffía Einarsdóttir
Sóley Garðarsdóttir
Þórunn Jónsdóttir

Þróunarsvið


Steinunn Böðvarsdóttir
Anna Lilja Björnsdóttir
Árdís Birgisdóttir
Fjóla Helgadóttir
Magdalena Mazur
Reynir Albert Þórólfsson
Sandra Ósk Jóhannsdóttir
Selma Kristjánsdóttir
Signý Aðalsteinsdóttir

Skrifstofa framkvæmdastjóra

Sigmundur Halldórsson
Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir
Victor Karl Magnússon
Viðar Ingason

Forstöðumaður
Starfsmenntamál
Þjónustuver
Orlofssjóður
Sjúkrasjóður
Starfsendurhæfing - VIRK
Þjónustuver
Þjónustuver
Starfsendurhæfing - VIRK
Starfsendurhæfing - VIRK
Starfsendurhæfing - VIRK
Þjónustuver
Starfsendurhæfing - VIRK
Þjónustuver
Þjónustuver
Sjúkrasjóður
Sjúkrasjóður
Þjónustuver
Starfsendurhæfing - VIRK
Starfsendurhæfing - VIRK
Starfsendurhæfing - VIRK
Starfsendurhæfing - VIRK
Þjónustuver
Orlofssjóður
Forstöðumaður
Markaðsmál og viðburðir
Markaðsmál og viðburðir
Vefur og markaðsmál
Markaðsmál og samfélagsmiðlar
Grafík
Fræðsla og kynningar
Starfsmenntamál
Starfsmenntamál

LÍV
Verkefnastjórn
Rannsóknir og greiningar
Hagfræðingur



KJÖRIN STJÓRN OG TRÚNAÐARRÁÐ ÁRIÐ 2023

Alls sitja fimmtán einstaklingar í stjórn auk þriggja í varastjórn, sjö meðstjórnendur sátu áfram kjörnir árið 2022. Á aðalfundi 29. mars 2023 tóku neðangreind sæti í forystu félagsins:

Sjö í stjórn VR til tveggja ára skv. fléttulista eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR:

Halla Gunnarsdóttir
Sigurður Sigfússon
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson
Jennifer Schröder
Þórir Hilmarsson
Vala Ólöf Kristinsdóttir

Þrjú í varastjórn til eins árs:

Ævar Þór Magnússon
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Gabríel Benjamin

Trúnaðarráð

Samkvæmt lögum VR gerir uppstillinganefnd félagsins tillögu um skipan í trúnaðarráð. Í lögunum segir m.a.:

... Stjórn og trúnaðarráði er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Sama einstaklingi er óheimilt að skipa sæti samtímis á lista til trúnaðarráðs og í einstaklingskosningu til formanns eða stjórnar félagsins. Auglýsa skal í dagblöðum og á heimasíðu félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum.

Uppstillinganefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarráði skal skipuð fyrir 15. janúar annað hvert ár. Nefndin skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér og kannar kjörgengi þeirra. ..."

Framboðsfrestur til að skila inn listum til trúnaðarráðs fyrir kjörtímabilið 2023 – 2025 rann út á hádegi þann 6. febrúar 2023. Einn listi barst, listi stjórnar og trúnaðarráðs VR og var hann réttkjörinn í trúnaðarráð VR. Listinn er birtur í stafrófsröð hér að neðan. Helmingur trúnaðarráðs sat áfram, kosinn til tveggja ára árið 2022.

Trúnaðarráð:

Alina Vilhjálmisdóttir
Álfhildur Sigurjónsdóttir Heide
Anna Þórðardóttir Bachmann
Arnar Þorvarðsson
Árni Guðmundsson
Áslaug Alexandersdóttir

Birgir Már Guðmundsson
Birgitta Ragnarsdóttir
Björg Gilsdóttir
Björgvin Ingason
Björn Axel Jónsson
Bryndís Guðnadóttir
Freyja L. Norðdahl
Guðlaug Rúna Guðmundsdóttir
Guðlaugur Sæmundsson
Guðmunda Ólafsdóttir
Halldóra Magnúsdóttir
Halldóra María Steinarsdóttir
Ingimar Þorsteinsson
Ísfold Kristjánsdóttir
Jóhann Már Sigurbjörnsson
Jón Guðmundur Björgvinsson
Jón Hrafn Guðjónsson
Jón Tryggvi Unnarson Sveinsson
Kristinn Örn Jóhannesson
Lára Jherry Mei Rosento
Mateusz Gabríel K. Róbertsson
Páll Örn Líndal
Ragnar Orri Benediktsson
Selma Kristjánsdóttir
Sesselja Jónsdóttir
Sigurbjörg Þorlákssdóttir
Soffía Óladóttir
Stefán Viðar Egilsson
Stefanía Fanney Jökulsdóttir
Steinar Viktorsson
Þóra Kristín Halldórsdóttir
Þróstur Ríkarðsson
Tómas Gabríel Benjamin
Vala Ólöf Kristinsdóttir
Valdimar Leó Friðriksson

TRÚNAÐARMENN Á VINNUSTÖÐUM

Trúnaðarmenn VR á vinnustöðum voru alls 300 í byrjun mars árið 2024 en voru 230 í sama mánuði árið áður. Listi yfir trúnaðarmenn er birtur á vefsíðu VR, www.vr.is.

GENERAL ACTIVITIES AND SERVICES 2023

Number of members	40,612
Individuals that paid membership fees at least once during the year	51,904
Employment terms under examination for members	1,301
Benefit recipients from VR Sick Pay Fund	1,839
Grants from VR Contingency Fund	17,303
New registrations for services from VIRK consultants at VR	431
Nights spent in VR holiday cottages	22,239

COLLECTIVE WAGE AGREEMENTS

VR signed a new collective wage agreement with the Confederation of Icelandic Enterprise (SA) on March 13th, 2024. A similar agreement was reached with The Icelandic Federation of Trade (FA) on the same day. VR members were invited to an open meeting on March 18th, where the details of these agreements were presented and explained. VR members were then invited to participate in an electronic vote on whether to ratify the collective wage agreements. The voting system was open between March 18th and March 21st. Both collective wage agreements were approved.

The collective wage agreements between VR and SA are valid between February 1st, 2024, and January 31st, 2028. The same goes for the agreement between VR and FA. The agreements are a result of a complicated negotiation process in which VR was initially aligned with several other unions under the auspices of the so-called Breiðfylking or Union Alliance. VR removed itself from the Union Alliance towards the end of February 2024 and nominated an independent negotiation committee which finished the negotiations on behalf of VR and LÍV (The Commercial Federation of Iceland).

The main goal of the new collective agreement is to increase the purchasing power of workers through the lowering of inflation and interest rates. This will be done through a combination of wage increases, government action with respect to increased housing and child benefits and prerequisite clauses which will allow each party to terminate the agreement if certain goals are not reached with respect to inflation and government legislation by August 2025 and 2026.

Wage increases

Wage increases will take the form of percentage-based raises with a guaranteed minimum ISK increase. Wages will increase each year of the agreement period, as follows:

- February 1st, 2024: all wages increase by 3.25% and by a minimum of ISK 23,750.
- January 1st, 2025: all wages increase by 3.50% and by a minimum of ISK 23,750.
- January 1st, 2026: all wages increase by 3.50% and by a minimum of ISK 23,750.
- January 1st, 2026: all wages increase by 3.50% and by a minimum of ISK 23,750.

December- and holiday bonuses

December bonuses for each year of the agreement period will be as follows:

- 2024: ISK 106,000
- 2025: ISK 110,000
- 2026: ISK 114,000
- 2027: ISK 118,000

Holiday bonuses for each year of the agreement period will be as follows:

- For the holiday period which starts on May 1st, 2024, the bonus will be ISK 58,000
- For the holiday period which starts on May 1st, 2025, the bonus will be ISK 60,000
- For the holiday period which starts on May 1st, 2026, the bonus will be ISK 62,000
- For the holiday period which starts on May 1st, 2027, the bonus will be ISK 64,000

Other issues

A variety of other benefits are ensured in the new collective wage agreements. Among the most important are expanded vacation rights for VR members. Changes will be made to the number of guaranteed vacation days in two steps. For the holiday period of 2025, all VR members that have either completed their secondary education (stúdentsspróf) or are aged 22 and over and have worked for the same company for six months will receive 25 vacation days. Vacation rights increase in tandem with experience, reaching a maximum of 30 days after having worked for seven years at the same company. These rights will be increased for the holiday period of 2026 and onwards, where VR members will receive

30 vacation days after six years with the same company.

In the new collective wage agreement, a section on remote work is included for the first time. Employees who work remotely on a regular basis will now have the right to have a formal, written agreement about the way in which their remote is carried out. The agreement will, among other things, have to discuss what expenses the employer will cover for the remote employee, e.g. in relation to work equipment and technical assistance.

Other features of the new agreement include an increased right to lifelong learning, as workers will now have a right to spend up to 16 working hours per year on work-related courses of study without a reduction in pay. An agreement was also reached on increasing the number of union representatives at larger companies, it will now be possible to elect three representatives if the number of union members exceed 120 at the same workplace.

Government action

In addition to wage increases and a variety of other benefits, the collective wage agreement 's goal of increasing purchasing powers will be fortified by an expansive government package, estimated at roughly ISK 80 billion. The package includes increased housing benefits, child benefits, increased maximum pay during parental leave, free school meals for primary school children, and more. These packages have been formally promised by a statement issued by the Government of Iceland. Moreover, prerequisite clauses allow for the termination of the collective agreement if these promises are not honored.

OTHER AGREEMENTS

In addition to the main collective wage agreement, a number of special agreements between VR and SA were reconsidered.

The special agreement between VR and SA on behalf of **pharmacy workers** was changed. Workers in pharmacies that demand special footwear will now be entitled to a pair of shoes from their employer each year.

The special agreement between VR and SA on behalf of **guest reception workers** was changed to ensure that travel

to and from work in the Capital Region during hours that public transport does not operate will be paid for by the employer. The same rule applies to other urban areas where public transport operates throughout the day, every day of the week. The payment shall be ISK 1.975 and be updated in accordance with wage increases as measured by the salary index no. 07322.

The special agreement between VR and Icelandair/SA on behalf of **employees in passenger and baggage services** was scrutinized during the negotiations, as was widely reported on in the media. An agreement was reached to work on changing the shift schedule of these workers and this work should conclude at the latest by December 20th, 2024.

All of these special agreements are also a part of the VR 's main collective agreement with the Confederation of Employers (SA).

WAGE ISSUES

Specialists at VR 's Employment Terms Department provided assistance to 1,973 members at the Reykjavík office, compared to 1,701 in the previous year. This is an increase of 16%.

The department 's specialists also took on a total of 1,935 new cases in 2023 which is a 16% increase from the previous year, when there were 1,728 new cases. A case is opened if the specialists in the department believe there is reason to or if further support is deemed necessary following the first visit/phone call. If opinions on work permits are discounted, new cases were in total 1,618 compared to 1,425 in 2022. Of those cases, 38% were on behalf of VR members with foreign citizenship, which is an increase from 2022. VR provided 317 opinions on work permits, compared to 303 in 2022. A labor union's opinion on a work permit involves, among other things, assurance from the union that the member's wages are not below the minimal provisions stated in the collective wage agreement.

VR SICK PAY FUND

Per diem sickness allowances paid to VR members increased between 2022 and 2023. This is the second time in a row that these payments increase between years, reversing a certain trend which appeared during the Covid-19 pandemic during which per diem sickness allowances decreased sharply.

Per diem sickness allowances payments in 2023 amounted to a total of ISK 2,438,472,449 which is 20% higher than the amount paid out in 2022. Taking into consideration increases in wages and union membership between years, the total relative increase is closer to 8%. The largest individual disease category with respect to payouts is mental health disorders, as in previous years, amounting to 38% of the total payments.

VR CONTINGENCY FUND

Total payments from the VR Contingency Fund in 2023 amounted to ISK 766,241,770. A total of 17,703 individuals received payments. This is an increase from 2022 when the total payments amounted to ISK 726,905,111 and were divided between 16,508 individuals.

The largest proportion of payments by far went to preventive measures, or 42%. In all, around 75,000 individuals were entitled to a payment from the VR Contingency Fund at the end of last year, and the total amount was ISK 2,1 billion.

VOCATIONAL TRAINING

A total of ISK 685 million was paid in retraining grants to VR. A total of ISK 720 million was paid in retraining grants to VR members from retraining funds in which the union is a participant, an increase of 5.8% from the ISK 685 million paid out in 2022. There were 9,707 applications to the fund and a total of 7,660 who received funding. A total of 757 VR members were paid a three-year cumulative grant, an increase compared to the 634 in 2022.

HOLIDAY COTTAGES

At the end of 2022, VR owned a total of 86 holiday cottages and apartments. The union rented 15 cottages and 1 hotel room during the year. Nights rented out to members in 2023 were 22,329 compared to 20,491 in 2022 and the usage of the cottages increased from 68,3% to 69,1% between years. VR purchased one new holiday house towards the end of 2023 in Grímsnes.

From November 2023 – January 2024, the union also lent a total of 18 properties to residents of Grindavík who had to evacuate their town under the threat of volcanic eruption.

RESOLUTIONS, STATEMENTS AND MEETINGS

On April 28th, 2023, Board of VR issued a **resolution in relation on the 45th congress of ASÍ describing their concern with state of the Icelandic economy and lack of action from the government**. The resolution was passed by the congress and touched on issues such as persistent interest rate increases, inflation, and the housing crisis.

On May 15th, 2023, the Board of VR published a **statement on strike action by BSRB**. The members of BSRB were preparing to strike under the banner of equality in the labor market and the board of VR issued their support on actions BSRB deemed necessary to reach their goals.

On June 29th, 2023, the Board of VR published a **statement on the privatization of Íslandsbanki**. The statement described the sale of the Icelandic government's share in the bank as damning for all parties involved and demanded that the government abandon plans to sell further shares in the bank. VR challenged the bank's leadership to take real responsibility for their actions and that otherwise the union would terminate its relationship with the bank, which had been managing VR's assets for some time. Shortly after this statement was issued, VR met with key leaders from the bank. On August 16th, 2023, the board of VR decided to terminate their dealings with Íslandsbanki and moved their business to the Landsbanki bank.

On August 22nd, 2023, the Board of VR issued a **resolution on changes to preschool issues in Kópvogur municipality**. The proposed changes included sharp increases in tuition fees for children spending more than six hours per day in pre-school. VR offered a sharp criticism of this new system and described as having a negative effect on workers and gender equality.

On November 11th, 2023, the Board of VR published a **statement on attacks on civilians**. The statement condemned the decision of the Icelandic government to abstain from a vote in the UN General Assembly on a ceasefire in Israel and Palestine. VR condemned attacks on innocent lives and called for an immediate ceasefire.

The **Board of VR met** for a total of fifteen times during the operating year, in addition to working meetings. The negotiation committee of VR also met very regularly during negotiations on the new collective wage agreement.

The **VR Consultative Council** met five times during the operating year.

CANDIDATES FOR BOARD MEMBERSHIP

On January 24th, 2024, the electoral commission of VR advertised for interested parties to work for the union during the 2024-2026 election term. Candidacy was advertised for seven main seats on the Board for two years and three alternate seats for one year. The deadline for candidacy was 12:00 PM on February 5th, 2024.

In total, there were fourteen individual bids for the Board, all of which were determined by the electoral commission to have been lawfully submitted. One individual bid was retracted.

Seven candidates were elected to the VR Board for a term of two years:

Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Bjarni Þór Sigurðsson Harpa Sævarsdóttir, Gabriel Benjamin, og Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir.

Three alternates were elected to the VR Board:

Arnþór Sigurðsson, Selma Björk Grétarsdóttir, og Þorvarður Bergmann Kjartansson.

GOVERNANCE

VR operates on the basis of the Act on Trade Unions and Labor Disputes, No. 80/1938 and VR's laws published online at vr.is, as well as regulations and working procedures regarding the union's funds. The Board of VR operates according to procedures that are intended to ensure that its work is in accordance with generally accepted practices. In addition, the Board of VR and its employees operate in accordance with the code of ethics that has been established by the Board and is intended to ensure transparency, responsibility and honest in the union's every effort to protect the interest of its members. IN its services

and operation, VR has focused on the union's values, i.e. progressiveness, professionalism, and leadership. The Board's working procedures and code of ethics are published on the VR website, vr.is, as well as all the fund's regulations.

SOCIAL MATTERS

Average membership in VR in 2023 was 40,612. Thereof were 21,521 women, 18,983 men and 109 non-binary individuals. At the end of the year, there were 34,562 full members.

A total of 5,155 transactions were processed at the VR's service center in 2023, an increase of 10% from 2022.

A total of 34,453 phone calls were made to the union in 2023, a decrease of 8% from the previous year. Phone calls have steadily decreased in recent years as use of VR's website has increased. VR's email address, vr@vr.is, received a total of 14,123 enquires in 2023, a slight increase from 2022. It should be noted that the Employment Terms Department's email received over 7,500 enquiries in the same year, meaning that the total number of emails to VR in 2023 was 21,673.

VR's service center operates out of the union's headquarters in Reykjavík, in addition to offices in the Westman Islands, Reykjanesbær, Akranes, Egilsstaðir and Selfoss.





ÁRSREIKNINGUR
2023

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Skýrslu stjórnar með ársreikningi er ætlað að gefa greinargott yfirlit um starfsemi VR til viðbótar upplýsingum sem fram koma í ársreikningi félagsins fyrir árið 2023 í samræmi við VI kafla ársreikningslaga nr. 3/2006. VR varð í desember 2023 skilgreint sem stórt félag í samræmi við 11. tölulið 2. gr. sömu laga en þá uppfyllti félagið tvö af þremur viðmiðunum samkvæmt lögnum, þ.e. heildareignir yfir 3 ma. kr. og velta yfir 6 ma.kr. Skýrslunni er þannig ætlað að gefa hagaðilum fullri mynd af starfsemi félagsins og þá ekki síst félagsfólki VR.

VR ("VR" eða "félagið") er stærsta stéttarfélag landsins með 40.612 skráðra félaga að meðaltali á árinu 2023 og hafði fjölgað um 4,4% frá árinu 2022. VR er aðili Landssambandi íslenzkra verzlunarmanna (LÍV) en það er aðili að ASÍ sem er stærsta fjöldahreyfing launafólks á Íslandi. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning allra sjóða VR sem eru félagssjóður, sjúkrasjóður, orlofsjóður, varasjóður og vinnudeilusjóður. VR er aðili að tveimur starfsmenntasjóðum, annars vegar Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks sem starfar á grundvelli kjarasamnings á milli Samtaka atvinnulífsis annars vegar og VR og LÍV hins vegar. Hins vegar er það Starfsmenntasjóður verslunarinnar sem starfar á grundvelli kjarasamnings á milli VR og LÍV annars vegar og Félags atvinnurekenda hins vegar. Einnig á félagið samlagshlutafélagið, VR Blæ leigufélag slhf., sem hefur að markmiði uppbyggingu leiguíbúða fyrir félagsfólk í samstarfi við Bjarg íbúðafélag sem er húsnæðissjálfsseignarstofnun stofnuð af ASÍ og BSRB.

Starfssvæði VR nær yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar, Kjósahrepps, Reykjanesbæjar, Grindavíkurbæjar, Suðurnesjabæjar, Sveitarfélagsins Voga, Vestmannaeyja, Árnessýslu, Rangárvallarsýslu, Vestur-Skaftafellssýslu, Húnaþings vestra, Akraness, Hvalfjarðarsveitar, Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, Múlaþings, Fljótaldshéraðs, Fljótaldshrepps og Fjarðabyggðar.

Hlutverk og markmið

Í 2. grein laga VR stendur um markmið félagsins: „Tilgangur félagsins er að efla og styðja hag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks á félagssvæðinu með því að vinna að framgangi allra þeirra mála, er verða mega til aukinna réttinda, menningar og bættra kjara launafólks í landinu.“ Stjórn félagsins telur eftir sem áður að mikilvægur þáttur þessa starfs felist í rekstri og uppbyggingu sterkra samtryggingasjóða eins og félagið rekur í dag.

Annar mikilvægur þáttur í starfinu er sú ráðgjöf sem félagsmenn njóta um málefni tengd kjaralegri stöðu sinni en ekki síður ráðgjöf tengdri starfsendurhæfingu. Þá leggur félagið mikla áherslu á baráttuna fyrir jafnrétti og jöfnun á launamun kynjanna.

Stjórnarhættir

Starfsemi VR byggir á lögum um stéttarfélag og vinnudeilur nr. 80/1938 og lögum VR sem birt eru á vefsíðu félagsins vr.is sem og reglugerðum og starfsreglum um sjóði félagsins. Stjórn VR starfar samkvæmt starfsreglum sem ætlað er að tryggja að starfshættir hennar séu í samræmi við almenna og góða stjórnarhætti. Stjórn og starfsfólk VR starfa að auki samkvæmt siðareglum samþykktum af stjórn sem m.a. miða að auknu gagnsæi, ábyrgð og heiðarleika í allri hagsmunagæslu félagsins fyrir sína félaga. Í þjónustu og starfsemi félagsins leggur VR áherslu á gildi félagsins sem eru framsækni, fagmennska og forysta. Starfsreglur og siðareglur stjórnar félagsins eru birtar á vef VR, vr.is, sem og allar reglugerðir sjóða.

Stefnur stjórnar VR

VR hefur sett sér fimm sérstakar stefnur sem birtar eru á vr.is. En það eru jafnréttisstefna VR, menntastefna VR, umhverfisstefna VR, vinnumarkaður framtíðar - stefna VR og tæknistefna VR.

Samfélagsábyrgð

Umræða um samfélagsábyrgð hefur aukist á Íslandi á liðnum árum. Mörg fyrirtæki og félagasamtök hafa mótað sér stefnu um samfélagsábyrgð og sum hver innleitt viðeigandi ferla. VR er aðili að Festu - miðstöð um samfélagsábyrgð og leggur fjölmörgum verkefnum á þeim vettvangi lið, enda er hlutverk stéttarféлага í eðli sínu samfélagslegt. VR hefur tekið virkan þátt í umræðunni um jöfn laun kynjanna, einelti á vinnustöðum og réttindi erlends vinnuafls enda nær samfélagsábyrgð víða, meðal annars til mannréttinda. VR-Skóli lífsins undirbýr ungt fólk fyrir vinnumarkaðinn og kynnir því réttindi og skyldur í starfi. Námið stuðlar að auknu gagnsæi og þekkingu bæði í þágu starfsfólks og atvinnurekenda. Við flokkum og endurnýtum, bjóðum starfsfólki upp á vistvæna samgöngustefnu og leggjum okkar af mörkum til samfélagsmála.

Heimsmarkmiðin

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin eru 17 talsins og snerta mörg þeirra starfsemi og hagsmunabaráttu VR með beinum eða óbeinum hætti. Félagið leitast við að uppfylla markmiðin í sínum rekstri og þjónustu, en þau sem hér er fjallað um snerta baráttu félagsins með beinum hætti.

Engin fátækt (1)

Verkalýðsfélög leggja sitt af mörkum í baráttunni gegn hungri með því að gæta að hagsmunum launafólks, ekki bara hvað snertir launamál og baráttuna fyrir hækkun lágmarkslauna heldur einnig því sem snýr að heilsu, endurhæfingu, atvinnuleysi, húsnæði, menntun o.fl.

Heilsa og vellíðan (3)

Með öflugum sjúkrasjóði leggur VR sín lóð á vogarskálarnar hvað þetta markmið varðar auk frumkvæðisvinnu um starfsendurhæfingu

og aðkomu að stofnun og rekstri VIRK starfsendurhæfingarsjóðs. VR varasjóður veitir einnig styrki til heilsueflingar og fyrirbyggjandi þátta.

Menntun fyrir alla (4)

VR leggur mikla áherslu á mikilvægi menntunar síns félagsfólks, bæði með rekstri öflugra starfsmenntasjóða og VR varasjóðs en einnig með því að vinna að nýjum námsleiðum fyrir launafólk, símenntun, raunfærnimati og öðrum þáttum sem styrkja stöðu félagsfólks.

Jafnrétti kynjanna (5)

VR hefur verið í fararbroddi stéttarféлага á Íslandi í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Félagið hefur m.a. farið í herferðir og ýtti úr vör jafnlaunavottun um leið og jafnlaunastaðall var samþykktur hér á landi svo eitthvað sé nefnt.

Góð atvinna og hagvöxtur (8)

Þótt barátta stéttarféлага almennt beinist einkum að því að auka kaupmátt þeirra einstaklinga sem mynda félögin er ljóst að hagsmunir launafólks og atvinnurekenda haldast í hendur. Góð atvinna byggir að auki á stöðugri réttindabaráttu stéttarféлага.

Aukinn jöfnuður (10)

VR hefur verið óþreypandi í baráttu fyrir hækkun lægstu launa félagsfólks síns og þar með auknum jöfnuði hér innanlands. Kjarabaráttu VR hefur því að miklu leyti snúist um að draga úr ójöfnuði á meðal launafólks á vinnumarkaði.

Félagsfólk

Á árinu fjölgaði félagsfólki VR um 4,4% og voru að meðaltali 40.612 einstaklingur skráður í félagið, þar af taldist 34.562 sem fullgildir og hafði fjölgað um 4,4% frá ársbyrjun. Atvinnuleysi meðal VR féлага var um 1,9% í árslok 2023 samanborið við 1,8% í árslok 2022.

Starfsmannamál

Í árslok 2023 voru 71 starfsmenn hjá félaginu, en meðalfjöldi ársverka var 66 á árinu. VR vinnur eftir jafnlaunastefnu og hefur sett sér stefnu í eineltismálum.

Rekstur og framtíðarhorfur

Rekstrarniðurstaða ársins var 928 m.kr. á árinu 2023 (2022: -59 m.kr.) Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 17,1 ma. kr. (2022: 16,1 ma.kr.) og er bókfært eigið fé í árslok kr. 14,3 ma. kr. (2022: 13,3 ma.kr.) . Stjórn félagsins vísar í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Innheimta iðgjalda

Innheimt iðgjöld á árinu námu 5,8 ma.kr. (2022: 5,0 ma.kr) og hækkuðu um rúm 15% milli ára í samræmi við fjölgun félagsmanna og launaþróun. Áfram eru væntingar um samsvarandi þróun í iðgjaldatekjum á árinu 2024.

Greiðslur sjúkradagpeninga

Á árinu hækkuðu greiðslur sjúkradagpeninga um 20% samanborið við árið 2022, en á sama tíma hækkuðu iðgjaldatekjur Sjúkrasjóðs VR um rúm 15%. Svipaðar horfur eru um rekstur sjúkrasjóðs en þó má gera ráð fyrir aukningu í greiðslu sjúkradagpeninga, en iðgjöld geti einnig aukist.

Ávöxtun verðbréfasafna

Nafnávöxtun á verðbréfaeignum félagsins var jákvæð um 5,67% á árinu 2023 og raunávöxtun var neikvæð um 2,07%. Fimm ára meðalnafnávöxtun verðbréfaeigna VR er jákvæð um 5,94% og meðalraunávöxtun er 0,78% fyrir sama tímabil.

VR Blær leigufélag slhf.

Félagið stofnaði á árinu 2022 samlagshlutafélag, VR Blær leigufélag slhf., til uppbyggingar leiguíbúða fyrir félagsfólk. Undirbúningur hefur staðið allt frá árinu 2018 er lóðarvilyrði fékkst fyrir verkefnið, en í ársbyrjun 2023 hófst uppbygging á lóð félagsins og hefur VR lagt verkefninu til 574 m.kr. í árslok 2023 í formi hlutafjár sbr. skýr. 8.

Framtíðar horfur og óvissa

Almennt býr félagið við óvissu vegna breytinga í ytra umhverfi s.s. vegna verðbólgu, verðbreytinga á markaði, vaxtabreytinga og fleira.

Framlag í Varasjóð VR

Stjórn leggur til að lagt verði í VR Varasjóð á árinu 2024 samtals 1.050 m.kr. (2022: 905 m.kr.) frá félagssjóði VR 250 m.kr. (2022: 0 kr.), frá Sjúkrasjóði VR 500 m.kr. (2022: 645 m.kr.) og 300 m.kr. (260 m.kr.) frá Orlofsjóði VR.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur VR er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur. Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningur VR gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2023, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu VR 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023. Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu hans í árslok og lýsi helstu áhættuþáttum sem félagið stendur frammi fyrir.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra VR að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri VR staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni. Ársreikningurinn verður lagður fram og kynntur á næsta aðalfundi félagsins þann 21. mars 2024.

Reykjavík 13. mars 2024

Formaður

Ragnar Þór Ingólfsson

Framkvæmdarstjóri

Stefán Sveinbjörnsson

Stjórn

Bjarni Þór Sigurðsson

Halla Gunnarsdóttir

Jennifer Schröder

Jónas Yngvi Ásgrímsson

Ólafur Reimar Gunnarsson

Selma Björk Grétarsdóttir

Sigríður Lovísa Jónsdóttir

Sigrún Guðmundsdóttir

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

Vala Ólöf Kristinsdóttir

Þorvarður Bergmann Kjartansson

Þórir Hilmarsson

Ævar Þór Magnússon

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir,

varamaður

Tómas Gabriel Benjamín,

varamaður

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og félagsfólks VR.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning VR fyrir árið 2023, að undanskilinni skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra
- Rekstrarreikning fyrir árið 2023.
- Efnahagsreikning þann 31. desember 2023.
- Yfirlit yfir sjóðstreymi fyrir árið 2023
- Skýringar, sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafi engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Óhæði

Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja

fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvisandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi félagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirbyggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík 13. mars 2024

PricewaterhouseCoopers ehf.

Valgerður Kristjánsdóttir

löggiltur endurskoðandi

ÁRITUN FÉLAGSKJÖRINS SKOÐUNARMANNA

Til stjórnar og félagsfólks VR

Við undirrituð félagskjörnir skoðunarmenn höfum af fremsta megni fylgst með starfi við undirbúning uppgjörs VR og endurskoðunarferli því tengdu. Við höfum setið fundi með framkvæmdastjóra og endurskoðanda þar sem farið var yfir ýmsa þætti varðandi endurskoðun og uppgjör. Við höfum jafnframt farið yfir að fylgt hafi verið eftir ákvörðunum félagsfunda og stjórnar um öflun, ráðstöfun og ávöxtun fjármuna og önnur atriði í rekstrinum á reikningsárinu. Við teljum okkur vera vel upplýst um helstu meginþætti sem snúa að uppgjöri og leggjum til að ársreikningur VR verði samþykktur.

Reykjavík 13. mars 2024

Harpa Svæarsdóttir

Sveinn Enok Jóhannsson



Allir sjóðir

Rekstrartekjur	Skýr.	2023	2022
Félagsgjöld		2.101.483.807	1.831.202.280
Sjúkrasjóðsiðgjöld		2.924.329.764	2.533.174.289
Orlofsjóðsiðgjöld		725.551.598	627.987.455
Leigutekjur orlofseigna		130.025.122	118.167.094
Aðrar tekjur		202.450.700	186.048.733
		6.083.840.991	5.296.579.851

Rekstrargjöld

Iðgjöld og skattar		444.612.764	387.737.314
Bætur og styrkir		3.343.759.589	2.595.060.375
Rekstur orlofshúsa og önnur orlofsþjónusta		291.873.462	262.408.434
Útbreiðslu- og félagsmál		228.875.980	253.795.930
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		1.303.764.014	1.160.086.650
Afskriftir fastafjármuna	7	131.926.240	123.105.650
		5.744.812.049	4.782.194.353

Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða

339.028.942 **514.385.498**

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur	6	766.143.778	(633.486.171)
Fjármagnsgjöld		(635.286)	(178.490)
Fjármagnstekjuskattur		(176.469.672)	60.573.314
		589.038.820	(573.091.347)

Rekstrarniðurstaða

13

928.067.762 **(58.705.849)**

Allir sjóðir

Eignir	Skýr.	31.12 2023	31.12 2022
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Fasteignir		811.913.504	645.653.891
Orlofshús og land		1.764.923.619	1.729.464.396
Aðrir rekstrarfjármunir		202.856.616	201.954.136
	7	2.779.693.739	2.577.072.423
Áhættufjármunir og langtímakröfur			
Eignarhlutir í dótturfélögum	8	574.400.000	8.400.000
Aðrar langtímakröfur	10	0	214.445.838
		574.400.000	222.845.838
Fastafjármunir samtals		3.354.093.739	2.799.918.261
Veltufjármunir			
Verðbréf	9	13.084.650.577	12.550.619.720
Óinnheimtar tekjur	11	476.390.705	419.274.501
Aðrar skammtímakröfur	12	19.280.823	13.412.873
Handbært fé		197.392.843	292.485.284
Veltufjármunir samtals		3.354.093.739	2.799.918.261
Eignir samtals		17.131.808.687	16.075.710.639
EIGIÐ FÉ OG SKULDIR			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	13	14.257.895.285	13.329.827.523
Eigið fé samtals		14.257.895.285	13.329.827.523
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Reiknaður fjármagnstekjuskattur	14	261.228.764	300.216.039
Reiknuð skuldbinding Varasjóðs	15	2.276.052.171	2.136.007.057
Aðrar skammtímaskuldir	16	336.632.467	309.660.020
Skuldir samtals		2.873.913.402	2.745.883.116
Eigið fé og skuldir samtals		17.131.808.687	16.075.710.639

Allir sjóðir

Rekstrarhreyfingar	Skýr.	2023	2022
Rekstrarniðurstaða	13	928.067.762	(58.705.849)
Gengismunur skuldbindingar í VR varasjóði	15	114.675.247	(116.851.216)
Afskriftir	7	131.926.240	123.105.650
Hrein fjármagnsgjöld (fjármunatekjur)		(589.038.820)	573.091.347
		585.630.429	520.639.932
Skammtímakröfur, hækkun		(62.984.154)	(68.480.375)
Skammtímaskuldir, hækkun		26.972.447	52.017.387
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		549.618.722	504.176.944
Innborgaðir vextir af veltufjármunum		31.566.513	12.819.707
Greiddir vextir af skammtímaskuldum		(635.286)	(178.490)
Handbært fé frá rekstri		580.549.949	516.818.161
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	7	(334.547.556)	(487.181.862)
Greitt hlutafé vegna Blævar leigufélags	8	(566.000.000)	(8.400.000)
Verðbréfasöfn, breyting	9	(15.742.634)	(1.652.753)
Lán til leigufélaga, lækun	10	215.277.933	0
Fjárfestingahreyfingar		(701.012.257)	(497.234.615)
Fjármögnunarhreyfingar			
Lagt í Varasjóð vegna félagsfólks, nettó	15	791.611.637	672.848.175
Útgreiðslur Varasjóðs til félagsfólks	15	(766.241.770)	(726.905.111)
Fjármögnunarhreyfingar		25.369.867)	(54.056.936)
Lækun handbærs fjár		(95.092.441)	(34.473.390)
Handbært fé í upphafi árs		292.485.284	326.958.674
Handbært fé í árslok		197.392.843	292.485.284

1. STARFSEMI

VR er hagsmunafélag sem vinnur að bættum hag verslunar- og skrifstofufólks á vinnumarkaði og ver stöðu þeirra sem brotið er á eða falla af vinnumarkaði. Félagið gerir kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna, rekur Sjúkrasjóð til að bæta fjárhagsstöðu við heilsubrest, rekur Orlofssjóð til að auðvelda félagsmönnum að njóta orlofs, rekur VR varasjóð sem félagsmenn geta nýtt til styrkja af ýmsu tagi og Vinnudeilusjóð sem veitir félagsmönnum sem misst hafa atvinnutekjur sínar vegna vinnustöðvunar eða verkanna fjárhagsaðstoð.

VR rekur samkvæmt samningi Landsamband Íslenskra verzlunarmanna (LÍV). Allar tekjur og gjöld LÍV eru hluti af rekstri VR.

Félagið var stofnað árið 1891 og nær félagssvæðið yfir höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Suðurland, Akranes, Húnaþing vestra og Austurland.

2. GRUNDVÖLLUR REIKNINGSSKILANNA

Ársreikningur VR fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, að því undanskildu að verðbréf félagsins eru metin á gangvirði og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

3. REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, en þær eru eftirfarandi:

a. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

b. Áhættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

c. Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af bankareikningum, iðgjöldum og verðbréfaeign, auk arðstekna og gengishagnaðar af verðbréfaeign. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Félagsgjöld og iðgjöld eru tekjufærð við greiðslu, en auk þess eru áætlaðar óinnheimtar kröfur á launagreiðendur í árslok. Mat krafna byggist á reynslu liðinna ára og stuðst er við gögn sem fyrir liggja um skil eftir lok reikningstímabils.

d. Gjaldmiðlar og vísitölur

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

e. Fjármagnsgjöld

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

f. Rekstrargjöld

Beinn kostnaður hvers sjóðs er færður beint á viðeigandi sjóð. Sameiginlegum kostnaði er hins vegar skipt á milli sjóða eftir fyrirfram ákveðnum hlutföllum.

g. Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi.

h. Eignarhlutir í dótturfélögum

Eignarhlutir í dótturfélögum eru færðir á kostnaðarverði og ekki er gerður samstæðureikningur þar sem dótturfélagið hefur ekki hafið rekstur, en uppbygging hófst á árinu 2023 og stendur enn.

i. Verðbréf

Hlutabréf og verðbréf í eigu félagsins eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og eru eignfærð á markaðsverði í árslok. Gangvirðisbreytingar vegna þeirra eru færðar í gegnum rekstrarreikning.

j. Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

I. Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

k. Óinnheimt iðgjöld

Óinnheimt iðgjöld eru færð á nafnverði.

4. LAUNAMÁL

	2023	2022
Laun	789.921.120	701.076.112
Iðgjöld í lífeyrissjóði	103.237.766	92.729.078
Önnur launatengd gjöld	68.472.178	61.482.005
Annar starfsmannakostnaður	41.256.913	32.032.062
	1.002.887.977	887.319.257

Meðalfjöldi starfa

66

62

Laun yfirstjórnar námu á árinu 2023 samtals 54,4 m.kr. (2022: 52,9 m.kr.) og skiptast þannig:

Laun og bifreiðastyrkir formanns 16 m.kr. (2022: 15,3 m.kr.) Einnig fékk formaður greitt fyrir formennsku í LÍV 3,7 m.kr. (2022: 3,7 m.kr.)

Laun og bifreiðastyrkur framkvæmdastjóra 20,0 m.kr. (2022: 19,3 m.kr.)

Laun stjórnar 14,7 m.kr. (2022: 14,6 m.kr.)

5. ÞÓKNUN TIL ENDURSKOÐENDA

Þóknun til endurskoðenda VR á árinu 2023 nam 5,8 m.kr. (2022: 4,8 m.kr.), þar af 5,0 m.kr. (2022: 3,9 m.kr.) vegna endurskoðunar á ársreikningi VR.

6. FJÁRMUNATEKJUR

	2023	2022
Vaxtatekjur af bankareikningum	27.064.010	10.280.671
Vaxtatekjur af félagsgjöldum	9.758.262	5.990.565
Vaxtatekjur og gengismunur af verðbréfaeign	735.904.668	(659.763.105)
Arður af hlutabréfum	16.195.859	31.016.536
Greiddar þóknanir vegna verðbréfa	(23.546.186)	(24.664.872)
Aðrar vaxtatekjur	767.165	3.654.034
	766.143.778	(633.486.171)

7. VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR OG AFSKRIFTIR

Kostnaðarverð	Fasteignir	Orlofshús, land	Aðrir restrar- fjármunir	Samtals
Staða í ársbyrjun	810.626.745	2.531.181.227	455.585.039	3.797.393.011
Eignfært á árinu	182.021.733	118.422.237	34.103.586	334.547.556
Staða í árslok	992.648.478	2.649.603.464	489.688.625	4.131.940.567

Afskriftir

Staða í ársbyrjun	164.972.854	801.716.831	253.630.903	1.220.320.588
Afskrift ársins	15.762.120	82.963.014	33.201.106	131.926.240
Staða í árslok	180.734.974	884.679.845	286.832.009	1.352.246.828

Bókfært verð

Bókfært verð í ársbyrjun	645.653.891	1.729.464.396	201.954.136	2.577.072.423
Bókfært verð í árslok	811.913.504	1.764.923.619	202.856.616	2.779.693.739

Afskriftarhlutföll 2-4% | 0-10% | 12-30%

Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Váttryggingamat
Fasteignir	3.944.281.092	5.068.690.000
Aðrar lausafjártryggingar	0	907.970.136

8. EIGNARHLUTIR Í DÓTTURFÉLÖGUM

VR stofnaði á árinu 2022 VR Blæ ehf. og VR Blæ leigufélag slhf. til að annast uppbyggingu á áður úthlutaðri lóð í Úlfarsárdal til uppbyggingar leiguíbúða fyrir félagsfólk. Skipting hlutfjár og eignarhald er eftirfarandi:

	Eignarhlutur	31/12/2023	31/12/2022
VR Blær ehf.	100.00%	500.000	500.000
VR Blær leigufélag slhf.	98.75%	573.900.000	7.900.000
		574.400.000	8.400.000

VR Blær leigufélag slhf hóf uppbyggingu leigíbúða á árinu og stendur uppbygging yfir í árslok. Áætlaður framkvæmdakostnaður er tæpur 1,9 ma. kr. og stendur í lok árs í 467,3 m.kr.

9. VERÐBRÉF OG VERÐBRÉFASJÓÐIR

a. Þróun verðbréfaeignar á árinu:	31/12/2023	31/12/2022
Staða í ársbyrjun	12.550.619.720	13.326.967.055
Innborgað (útborgað) á verðbréfasöfn	15.742.635	(6.082.401)
Greiddur fjármagnstekjuskattur	(209.020.005)	(116.853.043)
Verðbreytingar ársins	727.308.227	(653.411.891)
Staða í árslok	13.084.650.577	12.550.619.720
Nafnávöxtun á verðbréfaeign	5.67%	-5.05%
Raunávöxtun á verðbréfaeign	-2.07%	-11.94%

b. Verðbréf og verðbréfasjóðir greinast þannig á einstaka flokka:

	31/12/2023	31/12/2022
Innlán í bönkum og sparisjóðum	1.356.689.174	703.845.674
Erlend innlán	290.335.357	376.799.434
Ríkisvixlar, ríkisskuldab. og skbr. m. ábyrð ríkissjóðs	7.882.340.151	7.642.860.915
- Íbúðabréf	2.103.004.674	2.255.473.870
- Verðtryggð ríkisskuldabréf	1.726.374.932	1.869.421.497
- Óverðtryggð ríkisskuldabréf og vixlar	4.052.960.545	3.517.965.548
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	548.724.480	604.633.188
Skuldab. og vixlar banka, sparisj. og annarra lánastofnana	158.330.879	244.316.451
Sértryggð skuldabréf	534.666.122	517.066.109
Fasteignatryggð skuldabréf	119.169.413	120.116.990
Önnur verðbréf	871.315.665	1.190.384.905
- Skuldabréf fyrirtækja	271.333.215	352.888.801
- Erlend skuldabréf	451.215.591	632.403.520
- Aðrar fjárfestingar	148.766.859	205.092.584
Hlutabréf	1.323.079.336	1.150.596.054
- Innlend hlutabréf	537.371.090	450.328.271
- Erlend hlutabréf	785.708.246	700.267.783
	13.084.650.577	12.550.619.720

c. Verðbréfaeign félagsins skiptist þannig á einstaka sjóði félagsins:

Félagssjóður VR	1.088.182.849	1.475.443.032
Sjúkrasjóður VR	4.168.359.933	3.555.950.753
Orlofssjóður VR	0	54.419
VR varasjóður	2.321.297.043	2.237.764.120
Vinnudeilusjóður VR	5.506.810.752	5.281.407.396
	13.084.650.577	12.550.619.720

10. AÐRAR LANGTÍMAKRÖFUR

VR sem lánveitandi veitti Blæ leigufélagi ehf. lán á árinu 2021 að fjárhæð 208,7 m.kr. til greiðslu byggingarréttar og gatnagerðargjalda vegna lóðarinnar Skyggisbraut 21-23, Silfratjörn 1-3 og Gæfutjörn 18, landnr. 226872 sem úthlutað var til lántaka í janúar 2021. Úthlutunin byggði á lóðarvilyrði til VR frá árinu 2018.

Framangreindar breytingar greinast þannig á árinu:

	2023	2022
Staða í ársbyrjun	214.445.838	210.898.577
Áfallnir vextir samkvæmt samningum	832.095	3.547.261
Endugreidd lánveiting Bjarg	(215.277.933)	0
Staða í árslok	0	214.445.838

SKÝRINGAR

11. ÓINNHEIMTAR TEKJUR

	2023	2022
LIVE vegna iðgjalda	428.304.833	369.000.518
Starfsmenntasjóðir	2.191.037	11.087.549
Kreditkort	29.151.847	21.949.033
Útistandandi greitt með varasjóði	16.742.988	17.237.401
	476.390.705	419.274.501

12. AÐRAR SKAMMTÍMAKRÖFUR

Fyrirframgreiddur kostnaður	15.088.207	7.212.983
Aðrar skammtímakröfur	4.192.616	6.199.890
	19.280.823	13.412.873

13. EIGIÐ FÉ

Breytingar á eigin fé á árinu greinast þannig:

	2023	2022
Yfirfært frá fyrra ári samkvæmt ársreikningi	13.388.533.372	14.535.865.540
Rekstrarniðurstaða ársins	(58.705.849)	1.159.583.041
	13.329.827.523	15.695.448.581

14. REIKNADUR FJÁRMAGNSTEKJUSKATTUR

	2023	2022
Staða í ársbyrjun	300.216.039	488.936.302
Greiddur fjármagnstekjuskattur á árinu	(209.020.005)	(116.853.044)
Breyting skuldbindingar vegna reiknaðs fjármagnstekjuskatts	170.032.730	(71.867.219)
	261.228.764	300.216.039

15. VR VARASJÓÐUR

Félagið rekur sérstakan sjóð (VR Varasjóð) er sameinar réttindi mismunandi sjóða og gefur félagsmönnum möguleika á að nýta þann sjóð af meira frjálsræði og með meiri sveigjanleika en almennt er hjá stéttarfélögum. Stjórn VR leggur fram til samþykktar tillögu fyrir aðalfund ár hvert um hversu hátt hlutfall af iðgjöldum ársins á undan renni til sjóðsins og skiptingu þess milli annarra sjóða.

Tillaga stjórnar um framlag vegna ársins 2023 í VR varasjóð verður lögð fyrir aðalfund VR árið 2024 og verður bætt við réttindainneign félagsmanna á árinu 2024. Auk þess eru þrisvar á ári gerð aukakaup vegna félagsmanna í þeim tilvikum þar sem vanskil voru á iðgjöldum þegar aðalkaup framlaga fóru fram. Fyrning réttinda á sér stað eftir reglum VR varasjóðs þegar félagsmenn hætta að greiða til VR og færast til baka til annarra sjóða.

Framlög sem færð eru á milli sjóða í ársreikningnum greinast þannig:

	Félagssjóður VR	Sjúkrasjóður VR	Orlofssjóður VR	VR varasjóður
Framlag samþykkt á aðalfundi	0	(645.000.000)	(260.000.000)	905.000.000
Aukakaup á árinu	(1.400.571)	(1.838.251)	(1.137.965)	4.376.787
Fyrning ársins	84.763.438		32.963.559	(117.726.997)
	83.362.867	(646.838.251)	(228.174.406)	791.649.790

Sérgreind réttindainneign félagsmanna í VR Varasjóði í árslok 2022 var 2,1 ma.kr. sem skiptist á um 75 þús. einstaklinga og greinist þannig á árinu:

15. VR VARASJÓÐUR, FRH.

	2023	2022
Staða í upphafi árs	2.136.007.057	2.306.915.209
Úthlutað framlag á aðalfundi	904.961.846	805.000.000
Aukaframlag ársins	4.376.787	3.404.971
Fyrningar réttinda	(117.726.996)	(135.556.796)
Lagt í varasjóð vegna félagsfólks, nettó	791.611.637	672.848.175
Gengisbreyting ársins	114.675.247	(116.851.216)
Breyting ársins færð í rekstrarreikning	906.286.884	555.996.959
Útgreiðslur varasjóðs til félagsfólks	(766.241.770)	(726.905.111)
Skuldbinding í árslok	2.276.052.171	2.136.007.057

16. SKAMMTÍMASKULDIR

	31/12/2023	31/12/2022
Viðskiptaskuldir	94.598.521	121.146.382
Ógreitt vegna starfsmanna	136.895.600	97.324.170
Ógreidd staðgreiðsla og styrkir vegna sjóða	77.137.005	60.627.188
Fyrirframinnheimtar tekjur	28.001.341	28.211.331
Aðrar skammtímaskuldir	0	2.350.949
	336.632.467	309.660.020

17. ATBURÐIR EFTIR LOK REIKNINGSSKILADAGS

Það eru engir atburðir sem hafa komið upp eftir reikningsskiladag þessa ársreiknings sem gefa tilefni til leiðréttinga eða frekari upplýsingagjafar í ársreikningi ársins 2023.

18. TENGDIR AÐILAR

Hlutdeildarfélag, aðal- og varamenn í stjórn félagsins, auk framkvæmdastjóra eru skilgreindir sem tengdir aðilar félagsins. Makar viðkomandi aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

VR leggur starfsmenntasjóðum félagsins til 25% mótfamlag á móti innheimtum iðgjöldum sjóðanna og annast samkvæmt þjónustusamningum umsýslu þeirra. Viðskiptin greinast þannig á árinu:

	Framlag	Þóknun
Starfsmenntasjóður verslunar og skrifstofufólks	198.334.542	35.371.745
Starfsmenntasjóður verslunarinnar	6.529.201	2.992.004

Engin önnur viðskipti eru við tengda aðila hjá félaginu.

19. SAMÞYKKI ÁRSREIKNINGS

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 13. mars 2024.

20. SJÓÐSTREYMISYFIRLIT SAMANBURÐUR Á MILLI ÁRA

	2023	2022	2021	2020
Rekstrarniðurstaða ársins	928.067.762	(58.705.849)	1.044.580.851	833.321.851
Afskriftir	131.926.240	123.105.650	107.022.607	106.427.420
Fjármagnsliðir	(558.107.593)	585.732.564	(886.588.792)	(863.577.180)
Aðrar breytingar	114.675.247	(116.851.216)	174.081.935	0
Hreint veltufé frá rekstri	616.561.656	533.281.149	439.096.601	76.172.091
Breyting á:				
Rekstrartengdum eignum	(62.984.154)	(68.480.375)	(38.517.911)	11.372.608
Rekstrartengdum skuldum	26.972.447	52.017.387	35.185.559	(43.842.775)
Handbært fé frá rekstri	580.549.949	516.818.161	435.764.249	43.701.924

Allar deildir

2023

2022

Aðrar tekjur

Umsjónarlaun VIRK	141.026.571	131.774.192
Umsjónarlaun starfsmenntasjóða	38.363.749	35.805.676
Skattur vegna LÍV	20.251.490	18.091.865
Aðrar tekjur	2.808.890	377.000
	<u>202.450.700</u>	<u>186.048.733</u>

Iðgjöld og skattar

Skattur til ASÍ	216.269.971	189.616.027
Framlög í starfsmenntasjóði	204.863.743	178.379.663
Annað	23.479.050	19.741.624
	<u>444.612.764</u>	<u>387.737.314</u>

Bætur og styrkir

Sjúkradagpeningar	2.310.283.449	1.921.777.630
Dánarbætur	53.624.872	57.056.639
Örorkubætur	48.503.310	37.355.850
Aðrir styrkir Sjúkrasjóðs VR	25.061.074	22.873.297
Framlag VR varasjóðs til félagsfólks, nettó	906.286.884	555.996.959
	<u>3.343.759.589</u>	<u>2.595.060.375</u>

Rekstur orlofshúsa og önnur orlofsþjónusta

Rekstur orlofshúsa	208.259.067	211.728.664
Leiga á orlofshúsum	20.509.397	12.908.631
Niðurgreiðslur flugfélaga og ferðaskrifstofa	55.879.500	35.104.810
Aðrar niðurgreiðslur	7.225.498	2.666.329
	<u>291.873.462</u>	<u>262.408.434</u>

Útbreiðslu- og félagsmál

Kosningar, auglýsingar, kannanir o.fl.	26.631.148	44.370.179
Kostnaður vegna kjaramála	38.806.669	33.639.819
Útgáfa og kynningar	74.568.879	109.436.293
Styrkir og framlög til samstarfsverkefna	28.839.057	25.704.044
Fundir og ráðstefnur	25.555.946	31.169.951
Annar kostnaður	34.474.281	9.475.644
	<u>228.875.980</u>	<u>253.795.930</u>

Allar deildir

2023

2022

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Laun	789.921.120	701.076.112
Launatengd gjöld	171.709.944	154.211.083
Annar starfsmannakostnaður	41.256.913	32.032.062
Starfsmannakostnaður samtals	1.002.887.977	887.319.257
Innheimtukostnaður iðgjalda	113.704.958	98.671.088
Sími og internet	10.505.022	8.833.405
Aðkeyptur akstur	7.976.187	8.582.803
Endurskoðun	5.373.095	4.175.361
Hugbúnaður	65.040.117	59.223.726
Önnur aðkeypt þjónusta	10.496.981	18.544.815
Rekstur búnaðar	8.780.992	4.887.218
Annar skrifstofukostnaður	11.146.780	9.484.096
Skrifstofukostnaður samtals	119.319.174	113.731.424
Húsaleiga	9.754.393	11.075.230
Orkukaup	5.720.360	4.544.112
Fasteignagjöld og önnur opinber gjöld	15.108.193	10.091.565
Viðhald húsnæðis og búnaðar	10.784.176	10.841.609
Innréttingar, áhöld og búnaður	3.129.038	2.287.412
Vátryggingar	2.066.274	1.408.462
Hússjóður og sameiginlegur kostnaður	7.042.358	8.257.116
Aðkeypt önnur þjónusta	13.293.309	10.391.471
Annar eignakostnaður	953.804	1.467.904
Rekstur eigna samtals	67.851.905	60.364.881
	1.303.764.014	1.160.086.650

SKÝRINGAR - YFIRLIT UM REKSTUR SJÓÐA VR ÁRIÐ 2023

Rekstrartekjur	Félagssjóður	Sjúkrasjóður	Orlofssjóður	Varasjóður	Vinnudeilussjóður	Samtals
Félagsgjöld	1.951.377.821	0	0	0	150.105.986	2.101.483.807
Sjúkrasjóðsiðgjöld	0	2.924.329.764	0	0	0	2.924.329.764
Orlofssjóðsiðgjöld	0	0	725.551.598	0	0	725.551.598
Framlag í VR varasjóð	83.362.867	(646.838.251)	(228.174.406)	791.649.790	0	0
Útleiga orlofshúsa	0	0	130.025.122	0	0	130.025.122
Aðrar tekjur	201.919.200	0	531.500	0	0	202.450.700
	2.236.659.888	2.277.491.513	627.933.814	791.649.790	150.105.986	6.083.840.991
Rekstrargjöld						
Iðgjöld og skattar	444.612.764	0	0	0	0	444.612.764
Bætur og styrkir	0	2.437.472.705	0	906.286.884	0	3.343.759.589
Rekstur Orlofssjóðs	0	0	291.873.462	0	0	291.873.462
Útbreiðslu- og félagsmál	214.110.554	7.293.374	6.000.214	1.036.041	435.797	228.875.980
Skrifst. og stjórnunarkostn.	950.814.164	157.405.432	157.304.496	28.472.726	9.767.196	1.303.764.014
Afskriftir fastafjármuna	41.157.626	0	90.768.614	0	0	131.926.240
	1.650.695.108	2.602.171.511	545.946.786	935.795.651	10.202.993	5.744.812.049
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða	585.964.780	(324.679.998)	81.987.028	(144.145.861)	139.902.993	339.028.942
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld						
Fjármunatekjur	93.243.604	217.886.176	5.188.326	152.308.700	297.516.972	766.143.778
Fjármagnsgjöld	(446.946)	(72.521)	(97.686)	(12.087)	(6.046)	(635.286)
Fjármagnstekjuskattur	(19.102.754)	(48.404.208)	(718.934)	(27.338.333)	(80.905.443)	(176.469.672)
	73.693.904	169.409.447	4.371.706	124.958.280	216.605.483	589.038.820
Rekstrarniðurstaða	659.658.684	(155.270.551)	86.358.734	(19.187.581)	356.508.476	928.067.762

Eignir	Félagssjóður	Sjúkrasjóður	Orlofssjóður	Varasjóður	Vinnudeilu- sjóður	Millifærslur	31.12.2023
Varanlegir rekstrarfjármunir	902.786.294	0	1.876.907.445	0	0	0	2.779.693.739
Eignarhlutir í félögum	574.400.000	0	0	0	0	0	574.400.000
Aðrar langtímafröfur	0	0	0	0	0	0	0
Verðbréf	1.088.182.849	4.168.359.933	0	2.321.297.043	5.506.810.752	0	13.084.650.577
Óinnheimtar tekjur	146.530.108	218.636.970	101.243.906	0	9.979.721	0	476.390.705
Aðrar skammtímafröfur	7.789.656	1.778.357	9.712.810	0	0	0	19.280.823
Viðskiptareikningar við aðra sjóði	0	0	202.729.452	0	294.372.523	(497.101.975)	0
Handbært fé	170.458.959	8.408.783	3.594.875	14.930.226			197.392.843
Eignir	2.890.147.866	4.397.184.043	2.194.188.488	2.336.227.269	5.811.162.996	(497.101.975)	17.131.808.687
Eigið fé og skuldir							
Óráðstafað eigið fé	2.389.260.463	4.030.445.674	2.164.640.878	(65.159.735)	5.738.708.005	0	14.257.895.285
	2.389.260.463	4.030.445.674	2.164.640.878	(65.159.735)	5.738.708.005	0	14.257.895.285
Skuldir							
Reiknaður fjármagnstekjuskattur	21.258.445	119.296.600	0	48.218.728	72.454.991	0	261.228.764
Skuldbinding vegna VR varasjóðs	0	0	0	2.276.052.171	0	0	2.276.052.171
Viðskiptareikningar við aðra sjóði	249.681.106	178.297.817	0	69.123.052	0	(497.101.975)	0
Aðrar skammtímaskuldir	229.947.852	69.143.952	29.547.610	7.993.053	0	0	336.632.467
	500.887.403	366.738.369	29.547.610	2.336.227.269	72.454.991	(497.101.975)	2.873.913.402
Eigið fé og skuldir	2.890.147.866	4.397.184.043	2.194.188.488	2.249.201.832	5.811.162.996	(497.101.975)	17.131.808.687

